

# LÖGMANNA BLAÐIÐ



5. árg.

Apríl

2 / 1999

Samkeppnisstaða lögmanna

Af Merði lögmanni

Bindandi álit í skattamálum

Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála

Aðalfundur Lögmannafélagsins

Ráðstefna um auðkennarétt

Á kaffistofunni

Groa@leiti.is

Strassborgarferð

Lesendabréf um peningaþvætti

*Norræn  
málflutnings-  
keppni*

—  
*Bls. 17*

*Strassborgar-  
bréf*

—  
*Bls. 23*

*Heimasíða  
Hæstaréttar*

—  
*Bls. 25*

Útgefandi:

Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Björn L. Bergsson

Ritnefnd:

Árni Vilhjálmsson, hrl.

Steinunn Guðbjartsdóttir, hdl.

# HÆSTARÉTTARDÓMAR

Hjá dómverði Hæstaréttar fást eftirtaldir árgangar:

1920-1924	500.-	1972	500.-	
1925-1928 A	500.-	1973	500.-	
1925-1929 B	500.-	1974	500.-	
1930	550.-	1975	500.-	
1931-1932	500.-	1976	500.-	
1933	500.-	1977	500.-	
1934	500.-	1978	500.-	
1935	500.-	1979	500.-	
1936	500.-	1980	700.-	tvö bindi
1937	500.-	1981	800.-	eitt bindi
1938	500.-	1982	900.-	tvö bindi
1939	500.-	1983	1.000.-	tvö bindi
1940	500.-	1984	1.200.-	tvö bindi
1941	500.-	1985	1.400.-	tvö bindi
1942	500.-	1986	1.800.-	tvö bindi
1943	500.-	1987	2.400.-	tvö bindi
1944	500.-	1988	3.000.-	tvö bindi
1945	500.-	1989	3.600.-	tvö bindi
1946 ljp	800.-	1990	4.500.-	tvö bindi
1966	500.-	1991	5.000.-	tvö bindi
1967	500.-	1992	6.000.-	þrjú bindi
1968	500.-	1993	6.600.-	þrjú bindi
1969	500.-	1994	8.800.-	fjögur bindi
1970	500.-	1995	8.800.-	fjögur bindi
1971	500.-	1996	11.000.-	fimm bindi
		1997	8.800.-	fjögur bindi

50% afsláttur til laganema

# Samkeppnisstaða lögmanna

## Hraði og gæði

Starfsumhverfi lögmanna er að breytast. Þetta eru svo sem ekki sérstakar fréttir fyrir lögmenn. Breytingarnar hafa bæði gerzt smátt og smátt og í stærri stökkum. Atvinnulífið tekur breytingum, hraði í ákvarðanatöku vex sífellt og stjórnendur gera kröfur um skjót viðbrögð þeirra sérfræðinga, sem þeir leita til. Vandí lögmanna og annarra sérfræðinga felst meðal annars í því að samræma vandaða og skjóta ráðgjöf á samkeppnishæfu verði. Takist lögmönnum ekki að sannfæra viðskiptamenn sína um, að ráðgjöf þeirra sé vandadri en annarra sem viðskiptamennirnir geta leitað til og verðið sé við hæfi, verða þeir undir í samkeppninni, viðskiptamennirnir



Jakob R. Möller,  
hrl., formaður  
L.M.F.Í.

...æ fleiri endurskoðunarskrifstofur hafa nú stofnað lögfræðideildir og ráðið til sín unga og vaska lögfræðinga til ...

leita annað. Þetta gerir sífelldar kröfur til lögmanna um að sníða umfang og vinnu í ráðgjöf og öðrum verkefnum eftir raunverulegum þörfum. Ekki er víst, að viðskiptamenn geri sér alltaf grein fyrir því að með því krefjast skjótra svara, kunni þeir að vera taka áhættu af því, að ráðgjöf verði ekki eins vönduð. Stjórnunarvandi lögmanna felst þá samkvæmt þessu í að samræma nauðsynlegar gæðakröfur og það umfang vinnu, sem leggja má í verkefnin.

## Samkeppnin um verkefnin

Á undanförunum árum hafa aðrar stéttir sérfræðinga meira og meira sinnt verkefnum, sem lögmenn áður unnu, án þess að hafa til þess einhvern einkarétt. Meginhluti allra einkaskipta er gerður af öðrum en lögmönnum, langsamlega stærsti hluti stofnsamninga og samþykktu hlutafélaga og undirbúningur og tilkynningar vegna hluthafafunda er unninn af öðrum en lögmönnum, einkum endurskoðunarskrifstofum. Ég nota viljandi „endurskoðunarskrifstofur“, en ekki endurskoðendur í þessu samhengi af

því að sannleikurinn er sá, að mörg dæmi eru um, að samþykktir hlutafélaga séu útbúnar af skrifstofustarfsliði á endurskoðunarskrifstofum með því einu að prenta út samþykktir af tölvuformi og setja nafn félagsins inn þar sem við á. Dæmi eru um, að félagsráðgjafar taki að sér að gera samninga um fjárskipti við skilnað. Með slíkum vinnubrögðum er vafalaust hægt að komast hjá hluta beins kostnaðar. Oft eru þetta vandalítil verk, en vinnubrögðin vekja verulega hættu á slysum og þau hafa orðið, þótt ekki fari hátt.

## Skattaréttur er lögfræði

Jafnframt því að lögmenn hafa horft á það aðgerðalítilir, að endurskoðendur sinni æ meira verkefnum, sem lögmenn áður sinntu, hafa þeir látið skattarétt afskiptalausar. Mjög margir lögmenn, kannski flestir, hafa haft þá skoðun, að skattaréttur byggist á einhverskonar djúpstæðri bókfærslukunnáttu, sem endurskoðendur einir hafi. Þetta er misskilningur. Skattaréttur er lögfræði og krefst lögfræðilegra vinnubrögða, en kallar jafnframt á samvinnu lögmanna og endurskoðenda, hvorra um sig á sínu sviði. Mörg dæmi eru um, að „endurskoðendalögfræði“ hafi vakið hættu á, að hagsmunum viðskiptamannanna væri ekki sinnt á þann hátt, sem beztur mátti vera. Þetta er ekki vegna þess, að endurskoðendur kunni ekki sitt fag. Íslenzki endurskoðendur eru vafalaust mjög hæfir í störfum sínum, sinna verkefnum sínum af kostgæfni og fylgjast mjög vel með í starfsgreininni og umhverfi hennar. Þeir hafa þó ekki fengið þjálfun í lögfræðilegum vinnubrögðum, ekki lært nema örlítið ágríp af hluta fjármunaréttar og er þá ekki von til þess að þeir geti leyst flók-

## Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
sími (telephone): 568-5620  
bréfsími (telefax): 568-7057  
tölvupóstur (E-mail): lmfí@tv.is  
heimasíða: www.lmfí.is

### Stjórn L.M.F.Í.

Jakob R. Möller, hrl.,  
formaður  
Ásgeir Thoroddsen, hrl.  
varaformaður  
Gunnar Jónsson, hrl.,  
gjaldkeri  
Sif Konráðsdóttir, hdl.,  
meðstjórnandi  
Valborg Þ. Snævarr, hdl.,  
ritari

### Starfsfólk L.M.F.Í.

Marteinn Mátsson,  
framkvæmdastjóri  
Hildur Pálmadóttir, ritari

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.  
Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn:  
kr. 1.500 + vsk.  
Verð pr. tölublað kr. 300 + vsk.

### Prentun:

Ísafoldarprentsmiðja

### Umjón auglýsinga:

Óflun ehf., sími 561-4440

in lögfræðileg verkefni. Á sviði skattaréttar hefur þó nánast ekki verið öðrum til að dreifa. Lögmenn sem hafa sinnt skattarétti má telja á fingrum sér. Hluti skýringarinnar er vafalaust, að skattarétturinn hefur verið mjög óaðgengilegur. Auk skattalaganna sjálfra eru helztu réttarheimildirnar úrskurðir yfirsattaneftdar, áður ríkisskattaneftdar. Úrskurðirnir hafa ekki verið aðgengilegir. Úrval úr þeim hefur að vísu verið gefið út, í fjórum bókum fyrir árin 1980 – 1989 og í bók fyrir árin 1990, 1991 og 1992, en ekki síðar svo mér sé kunnugt. Yfirsattaneftnd er nú að bæta úr þessu og hefur opnað heimasíðu á netinu og er þar birt úrval úrskurða ársins 1997, auk úrvals árána 1990 – 1992. Fræðirit á íslenzku um skattarétt hafa ekki heldur verið fjölbreytt. Úr því hefur Ásmundur G. Vilhjálmsson, hdl., bætt með útgáfu fræðirits um skattarétt í fjórum hlutum, sem út komu á árunum 1994 – 1996. Önnur fræði- eða kennslurit eru ekki aðgengileg, þótt sum þeirra kunni að fást í Bóksölu stúdenta.

Fyrir lögmenn er athyglisvert að fylgjast með því að æ fleiri endur-

skaðunarskrifstofur hafa nú stofnað lögfræðideildir og ráðið til sín unga og vaska lögfræðinga til þess að sinna meðal annars lögfræðilegri ráðgjöf í skattarétti. Málflutningur fyrir yfirsattaneftnd er oftast eingöngu skriflegur, en munnlegur málflutningur fer fram í veigameiri

-----

*Er ekki kominn tími til þess að lögmenn veiti viðskiptamönnum sínum þá þjónustu, sem þeir telja sig þurfa á að halda,*

-----

málum. Fram til þessa hafa endurskoðendur annazt skriflegan málflutning fyrir yfirsattaneftnd, nær einir. Þeir fáu lögmenn sem hafa sinnt skattarétti að einhverju marki hafa flutt munnlegu málin í verulegum mæli, ásamt endurskoðendum. Þegar svo skattamál koma til dómstóla flytja lögmenn málin, enda þá komið inn á svið einkaréttar þeirra. Ekki verður dregið í efa, að lögmenn hafi sinnt þeim málum af hinni mestu kostgæfni,

en auðvitað hefur það aukið erfiði þeirra að skattaréttur hefur í aðeins í tilvikum fárra þeirra verið hluti af daglegum störfum.

Áður var sagt, að skattaréttur væri lögfræði. Hann er hluti opinbers réttar, lýtur lögskýringarreglum hans, þar á meðal stjórnislyur réttar að verulegu marki. Á þeim vettvangi eru lögmenn sérþjálfaðir til að sinna verkum. Skattaréttur verður æ þýðingarmeiri, eins og sést meðal annars í dómnsniðurstöðum síðustu ára. Í honum takast á hagsmunir almennra borgara og fyrirtækja annarsvegar og fjárheimtumanna ríkisins hinsvegar. Sinni lögmenn ekki skattarétti í framtíðinni munu þeir halda áfram að missa önnur verkefni frá fyrirtækjum og einstaklingum til endurskoðenda. Endurskoðunarskrifstofur sinna nú sífellt meira alhliða ráðgjöf og hafa fært mjög út kvíarnar á allra síðustu árum. Er ekki kominn tími til þess að lögmenn veiti viðskiptamönnum sínum þá þjónustu, sem þeir telja sig þurfa á að halda, frekar en eingöngu þá þjónustu sem lögmenn veittu á árum áður?

## Krókur endurskoðenda á móti bragði?

Á liðnum árum hafa lögmenn verið duglegir að benda á lögfræðistörf endurskoðenda gagnvart skattayfirvöldum, sem dæmi um réttarsvið sem lögmenn hafi misst af. Fáir virðast þó hafa gert miklar ráðstafanir til að ná sneið af þessari köku til baka. Aðeins hefur þó örlað á því á síðustu árum, er lögfræðingar sem hafa alið manninn innan skattkerfisins hafa hleypt heimdraganum og hafið rekstur lögmennsstofu. Þeir eru þó fáir en eins hafa þeir sem fyrir eru lítt elft sig á þessu sviði. Breytingar á lögum hafa kannski frekar þrengt kost endurskoðendanna í þessum efnun en bein samkeppni við lögmenn um verkefni.

Af hvorri ástæðunni sem er verður ekki betur séð en að endurskoðendur ætli ekki að sitja með hendur í skauti og missa þessi viðskipti frá sér. Alltént hafa á liðnum mánuðum streymt til Lögmannafélagsins tilkynningar um að starfsmenn skattkerfisins hafi hætt störfum, leyst til sín áunnin lögmennsréttindi, og hafið störf hjá endurskoðunarskrifstofum.

Ætli sjálfstætt starfandi lögmenn sér stærri skerf af þessum viðskiptum þá sýnist næsta ljóst að eitthvað markvissara þarf að hafast að en að tala um þessa samkeppni úr ræðustól á mannamótum. Hugi nú hver að sínu.

Sími **568 9095**

# Eyðing skjala

**Einfalt  
Öruggt  
Fljótlegt**



GAGNAEYÐING

Gagnaeyðing ehf.  
Skútuvogi 13 - 104 Reykjavík  
Sími: 568 9095, fax: 568 8215, farsími: 897 2803  
Netfang: [gagnaeyding@vortex.is](mailto:gagnaeyding@vortex.is)  
Opíð frá kl. 9:00 til 17:00,  
mánudaga til föstudaga (og eftir samkomulagi).

**FRYKKITÖNG**



## Gullþrykkt traust.

Upphleypt innsigli er mikilvægur þáttur í að skapa traust og fyrirbyggja fölsun.

FRYKKITANGIR eru víða erlendis notaðar af embættismönnum, opinberum stofnunum, lögmönnum, verkfræðingum og fleirum þegar ábyrgjast þarf uppruna gagna.

BOÐI, stimplagerð, hefur nýverið fest kaup á laser-skurðvél af fullkornustu gerð, sem gerir það að verkum að hægt er að grafa í mót texta og hvers kyns merki. Þessi þjónusta er nýjung héraðs og tryggir skemmri afgreiðslufrest og fullkomið öryggi fyrir kaupandann.

Ídeal þrykkítangirnar eru ekki aðeins af hæsta gæðaflokki – þær eru líka sönn borðþryði.

**Leitið nánari upplýsinga!**

*Stimplaðir fyrir gæði.  
Samfella þjónusta frá 1959.*

**BOÐI**  
Stimplagerð hf.

Ídean®  
**COLOP**  
Royal Mark®  
THE MARK OF EXCELLENCE

Bólholt 6 · 105 Reykjavík · Sími: 511 1400 · Fax: 511 1401 · Netfang: [bodi@vortex.is](mailto:bodi@vortex.is)

# Ritstjórnarspjall

Fyrr á öldum var um það kveðið í Hávamálum að hollt væri að afla sér upplýsinga og vera fróðleiksfús. Heimskur er heimaalinn.

Lögmannafélagið leggur sitt lóð á vogarskálar til að forða lögmönnum frá slíkum örlögum. Í anda þeirrar upplýsingaraldar sem við lifum er streymi fróðleiks frá félaginu nú meira en nokkru sinni fyrr. Lögmannablaðið kemur nú út í annað skipti á þessu ári, sjó fréttabréf hafa þegar verið gefin út, að ekki sé minnst á heimasíðuna góðu þar sem margháttaðan fróðleik má finna sér til gagns.

Það er hins vegar hollt að líta öðru hvoru í eigin barm. Er þetta aukna upplýsingaflæði til góðs? Fer e.t.v. fyrir þessum ritum eins og

auglýsingabæklingunum sem streyma inn um bréfalúguna og fara beint í tunnuna ólesnir?

Ég held að seint verði of vel gert í miðlun upplýsinga frá félaginu til félagsmanna sinna. Félagið er til fyrir þá og til félagsins berast ýmis tíðindi sem félagsmönnum finnst gagnlegt að hafa spurnir af, svo sem um ráðstefnur á innlendri og erlendri grundu, námskeið og fleira.

-----

*...dæmi um þjónustu sem Félagsdeildin gæti veitt lögmönnum er heimildaleit við undirbúning eða rekstur dómsmáls.*

-----

Einna mikilvægast er hverjum lögmanni að hafa hámarksað af vinnu sinni. Þótt lögfræðileg vísindaiðkan, það að stuðla að framgangi réttvísinnar og leitinn að hinsta sannleiknum sé allt að sönnu göfug markmið þá eru fæstir svo í sveit settir að þeir geti leyft sér að skeyta engu um arðsemi vinnu sinnar.

Því má velja því fyrir sér hvort Lögmannafélagið er þess umkomið að leggjast á árarnar með félagsmönnum sínum. Ég held að svo sé, vettvangurinn hefur verið skapaður. Félagsdeild Lögmannafélagsins á að geta nýst félagsmönnum sínum í þessu skyni. Ef stjórn Félagsdeildar Lögmannafélagsins ber gæfu til að gera deildina fullmektuga þá er þetta raunhæft. Nú þegar deildin hefur tekið formlega til starfa hljóta stjórnarmenn að standa frammi fyrir vali á leiðum. Á að fara varlega í sakirnar, hætta engu og láta það koma í ljós hvort deildin stendur undir sér. Eða á að sýna djörfung, taka nokkra áhættu og reyna að skapa deildinni sess

meðal félagsmanna sem öflugan bakhjarl.

Í mínum huga er ekki spurning um hvora leiðina á að fara. Það þarf að ganga djarflega til verka, annars er hætt við að margur muni líta á félagsgjaldið til deildarinnar sem óþarfa kostnað sem best væri að vera án.

Sem dæmi um þjónustu sem Félagsdeildin gæti veitt lögmönnum er heimildaleit við undirbúning eða rekstur dómsmáls. Allir þekkja þann tíma sem oft fer í að afla heimilda, leit sem tekur lengri tíma en ella þar sem menn þurfa oft að þeysa á milli bókasafna auk uppriðjunar á því hvernig nota á einstök leitarforrit. Félagsdeildin gæti boðið félagsmönnum upp á að annast slíka leit, gegn hóflegu gjaldi (sem svo er hægt að reikningsfæra sem útlagðan kostnað) og lögmaðurinn gæti sinnt öðrum verkum á meðan (sem má reikningsfæra sem þóknun). Annað dæmi mætti nefna að Félagsdeildin gæti gætt hagsmuna félagsmanna gagnvart stjórnvöldum með óformlegum (lobbying) og formlegum hætti með einarðlegri hætti en skylduáðildarfélag allra lögmanna getur.

Þessum hugmyndum, sem nefndar eru hér í dæmaskyni, verður þó ekki hrint í framkvæmd með því að sitja með hendur í skauti og ætla að sjá til hvernig deildin þróast. Það þarf að taka frumkvæði.

Ég ætla ekki annað en að þetta sé nákvæmlega það sem í huga stjórnar Félagsdeildar býr, að sýna frumkvæði. Þannig getur Félagsdeildin orðið til að stuðla að efna-hagslegri og félagslegri velsæld félagsmanna sinna. Það er ekki þörf á fleiri kaffiklúbbum meðal lögfræðinga.

*Björn L. Bergsson*

## SKJALASKAPAR



2 - 3 - 4 SKÚFFUR MARGIR LITIR  
HAGSTÆTT VERÐ

ÓLAFUR GÍSLASON & CO HF  
SUNDABORG 3 SÍMI 568 4800

EG SKRIFSTOFUBÚNAÐUR  
ÁRMÚLA 20 SÍMI 533 5900

# Af Merði lögmanni

Merði barst í hendur um daginn tilkynning frá Lögmannafélagi Íslands um að árs hátíð og aðalfundur félagsins væri yfirvofandi. Mördur hafði hvorki sótt aðalfund eða árs hátíð félagsins svo árum skipti. Samskipti Marðar við þetta félag höfðu sjaldnast verið ánægjuleg. Félagið var sí og æ að sinna kvörtunum frá einhverjum kverúlöntum, sem báru allt nema mannsmorð á Mörd. Félagið hafði hins vegar látið Mörd í friði lengi vel, þannig að hann hugsaði með sér að sennilega væri tími til kominn að láta sjá sig aftur á þessum mannamótum.

Mördur tilkynnti konunni að þau væru að fara á ball, Frúin pantaði lagningu, tók niður faldinn á sparikjólnum og sendi smókinginn í hreinsun.

Mördur mætti á aðalfundinn á tilskildum tíma og kannaðist við fáa. Sérstaklega voru margar ungar konur á fundinum, sem Mördur kannaðist ekki við. Ef hann hefði ekki komið auga á formann félagsins hefði hann haldið að hann væri staddur á aðalfundi Ljósmeðrafélagsins. Það var heldur ekkert ljóskulegt við stjórnarborðið. Heldur var fundurinn fámennur, að vísu stóð yfir á sama tíma Landsfundur Sjálfstæðisflokksins og lék Merði grunur á að þar væri bekkurinn þéttskipaðri lögmonnum en á aðalfundi Lögmannafélagsins.

Dagskrá aðalfundarins rann tíðindalaust í gegn, fáir aðrir en formaðurinn töluðu. Allt var samþykkt með lófaklappi og handaupp-réttingum og fannst Merði þetta fremur leiðinlegur fundur.

Merði hafði verið boðið í svokallað heimateiti fyrir árs hátíðina. Honum var boðið til lögmanns, sem hann þekkti hvorki haus né sporð á. Mördur og frú voru mætt fyrst í þetta heimateiti. Eiginkona Marðar hvarf með gestgjafarúnni til að „skoða húsið“, en Mördur og gestgjafinn stóðu eftir vandræðalegir inni í stofu. Eftir að hafa rætt um veðrið, útsýnið úr stofunni yfir í hús nágrannans, hvað yrði nú til skemmtunar á árs hátíðinni, voru umræðuefnin á þrotum. Gestgjafinn hvarf fram í eldhús til að kanna ísmolabirgðir heimilisins, en

Mördur varð einn eftir í stofunni með fjölskyldumyndunum. Brúðkaupsmyndin af gestgjafanum og hans góðu frú, sem tekin var mörgum árum, hárum og kílóum áður, vakti sérstaka athygli hans. Síðan las hann sig í gegnum fjölskyldusöguna, skírnir, fermingar og stúdentshúfur.

Loksins bættust fleiri í hópinn og tók þá heldur að hýrna yfir samkvæminu. Lögmenn töluðu illa um fjarstadda kollega, sögðu sögur af fáránlegum dómsniðurstöðum Hæstaréttar og hryllingssögur af afgreiðslum erkióvinar allra öryrkja landsins, örorkunefnd. Einhver sagði að nefndarmenn kynnu ekki að skrifa tveggja stafa tölu, gætu sennilega ekki talið hærra en upp að níu. Mördur benti á að það væri ekki nema von, nefndarmenn sætu nefnilega í sokkum og skóm á nefndarfundum.

Svo var haldið á árs hátíðina. Merði fannst allt annar bragur á þessari árs hátíð, en þeim sem hann hafði áður sótt hjá félaginu. Þá voru lögmenn fullir og skemmtilegir. Nú virtust þeir vera búnir að missa náttúruna fyrir brennivíni. Þjónarnir gáfust upp á að koma með kókið í glösum á borðin og serveruðu það í karöflum. Árs hátíðin var að öðru leyti með hefðbundum hætti. Vísu botnakeppnin var á sínum stað. Merði fannst ótrúlegt að vera á árs hátíð þar sem veislugestir voru að yrkja vísu botna á pappírsservíettunum vegna vöntunar á öðrum pappír. Að lokum var hljómsveitin beðin um að hætta að spila í svölíttinn tíma, svo menn gætu í næði einbeitt sér að yrkingunum. Þá var fjöldasöngur: „Gaudi-amus igitur“ og „Vísur Íslendinga.“ Heiðursgesturinn, einhver stjórnmalamaður, reyndi að vera skemmtilegur og sagði brandara af lögmonnum, sem allir höfðu þegar lesið af internetinu.

Skömmu eftir miðnætti sá Mördur að hann gæti enn náð á videóleiguna sína, sem opin var til eitt eftir miðnætti. Hann dreif frúna út, náði í leigubíl, og var kominn í sjónvarpssófa-kartöflufloku-stellingar um eittleytið. Enn eitt undislegt laugardagskvöld var liðið.

**FLEXImobile® - sparar peningana !**



## ***Hámarks nýting á plássí***

Áreiðanleg og skilvirk skjalageymsla er ekki einungis tímasparandi heldur nýtir þú húsnæðið mun betur en ella. Skjöl og ýmis gögn getur verið hentugt að nálgast fljótt og örugglega og umfram allt á ódýran hátt því leitin að einu skjali í óreiðunni getur verið ærið kostnaðarsöm.

Með FLEXImobile® hjólaskápum geturðu útvíkkað hið minnsta pláss margfallega og komið skipulagi á skjala- og gagna-geymsluna.

Hringdu, sendu fax eða tölvupóst og fáðu bæklinginn sendan til þín.



### ***Hvað viltu fá út úr hillukerfinu þínu?***

- Flesta mögulega hillumetra á sem fæsta fermetra.
- Að geta stækkað kerfið í lengd og breidd.
- Að geta fengið mismunandi dýpt, hæð og breidd.
- Að hillukerfið sé öruggt og sé með innbyggðu öryggiskerfi.
- Að hillurnar séu fallegar og passi inni umhverfið á þínum vinnustað.
- Að kerfið sé notendavænt.
- Að hægt sé að setja kerfið saman og flytja hillurnar án þess að gólfíð verði fyrir skemmdum
- Allt þetta getur þú fengið í FLEXImobile hjólaskápunum.



Háteigsvegi 7 • 105 Reykjavík  
Sími 511 1100 • Fax 511 1110  
ofnasmiðjan@ofn.is • www.ofn.is



# Bindandi álit í skattamálum

Það er rík hefð fyrir því á Íslandi að fjalla um skattbyrði félaga og einstaklinga. Hvað sem líður samanburði við önnur ríki um skatthlutfall og umfang ríkisrekstrar er að minnsta kosti ljóst að skattar skipta verulegu máli hjá íslenskum þegnum. Þess vegna er brýnt að nokkurn veginn sé ljóst fyrirfram hver skatturinn verður í næstu framtíð svo áætlanir megi taka mið af réttum forsendum. Menn geta þó aldrei verið alveg vissir, til dæmis ef um flóknar skattalegar tilfæringar er að ræða, þar sem löggjöf á sviði skattaréttar er oft óskýr. Úrskurðir yfirskaðanefndar og úrlausnir dómstóla sýna að vandinn er mikill og ágreiningsefnin gjarnan flókin. Við þetta bætist svo að niðurstöður í skattamálum eru ekki alltaf nægilega skýrar og afdráttarlausar. Vegna alls þessa getur verið erfitt að gefa ráð á þessum vettvangi. Til að draga úr þessum vanda voru á síðasta ári sett lög um bindandi álit í skattamálum nr. 91/1998 en samkvæmt þeim eiga skattþegnar kost á að fá skorið úr því fyrirfram og með bindandi hætti hverjar skattalegar afleiðingar fyrirhugaðar ráðstafanir þeirra hafa. Lög þessi eru um margt merkileg, ekki einungis út frá skattarétti eða stjórnsýslurétti, heldur einnig út frá viðteknunum sjónarmiðum í einkamálaréttarfari. Í þessari grein er ekki ætlunin að leysa fræðileg viðfangsefni, sem eru margvísleg, heldur læt ég nægja að drepa á einstök atriði laganna til kynningar.

## Lög nr. 91/1998

Með lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum, er kveðið á um skyldu ríkisskattstjóra til að láta uppi, að beiðni tiltekins skattþegns, bindandi álit í skattamálum, þ.e. álitamálum sem snerta álagningu skatta og gjalda. Lögin



*Halldór Jónsson, bdl.*

— — — — —  
*... löggjöf á sviði  
skattaréttar er oft óskýr.*  
— — — — —

eru að verulegu leyti þýðing á dönskum lögum um sama efni eins og þau voru fram á árið 1997. Í Danmörku er reyndar talað um bindandi forákvarðanir (bindende forhåndsbesked) sem hæfir efninu mun betur. Skýring á heiti laganna kemur fram í 6. gr. þeirra, þar sem skattyfirvöldum er gert að leggja álit ríkisskattstjóra til grundvallar skattlagningu miðað við gefnar forsendur. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að álit bindi skattþegn og er honum því óskýlt að gera þær ráðstafanir sem hann óskar álits á að fenginni afstöðu ríkisskattstjóra, yfirskaðanefndar eða dómstóla. Þessi niðurstaða á stoð í ákvæðum laganna og lögskýringargögnum. Hún er athyglisverð frá sjónarhóli ævagamallar meginreglu 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, um það hvers kyns sakarefni verði borin undir dómstóla, einkum ef fjármálaráðherra skýtur úrskurði yfirskaðanefndar um bindandi álit til dómstóla og ekkert liggur fyrir um raunverulega ætlan skattþegns.

Skilyrði þess að ríkisskattstjóri taki beiðni um bindandi álit til umfjöllunar eru í fyrsta lagi að álitamál snerti álagningu skatta og gjalda sem eru á valdssviði skattstjóra eða

ríkisskattstjóra og falli undir úrskurðarvald yfirskaðanefndar, sbr. 1. mgr. 1. gr. Þá koma þau skilyrði fram í 1. gr. að mál geti varðað verulega hagsmuni fyrirsprjanda og að hann megi ekki hafa gert, eða gera þær ráðstafanir sem beiðni lýtur að, áður en endanleg niðurstaða liggur fyrir, sbr. einnig 3. mgr. 2. gr. Í 2. gr. koma að öðru leyti fram kröfur sem gerðar eru til beiðna. Þær skulu vera skriflegar og sendar embættinu í tæka tíð til að unnt sé að gefa álit áður en ráðstöfun er gerð. Beiðni skal vera ítarlega afmörkuð og skulu fylgja henni nauðsynlegar upplýsingar og gögn. Ríkisskattstjóri getur óskað eftir frekari gögnum og getur tómlæti álitsbeiðanda um það varðað frávísun beiðninnar í heild eða að hluta.

Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 91/1998 kemur fram að allir skattþegnar geti óskað bindandi álits ríkisskattstjóra en fyrirsurnin verði hins vegar að varða álitsbeiðanda sjálfan, „... þ.e. ekki er hægt að óska eftir afstöðu ríkisskattstjóra um ráðstafanir sem einhver annar hefur í hyggju að gera.“ Í Danmörku er liðið svo á að unnt sé að beiðast álits um áhrif ráðstöfunar álitsbeiðanda á skattlagningu annarra sem standa í ákveðnum tengslum við hann, til dæmis viðskiptavina. Byggir það reyndar á orðalagi í lagabreytingu frá 1997 en óvíst er hvort orðalag íslensku laganna girði fyrir sama skilning hér, þ.e. ef álitsbeiðandi hefur hagsmuna að gæta.

Ríkisskattstjóri skal taka rökstudda afstöðu til beiðninnar svo fljótt sem unnt er og kunngera hana álitsbeiðanda og eftir atvikum viðeigandi skattstjóra, sbr. 3. og 4. gr. Álitnið á helst að liggja fyrir innan fjögurra vikna en alls ekki síðar en þremur mánuðum frá því að beiðni barst. Engin úrræði eru til

Þess að þvinga fram álit eftir að frestur rennur út og hafa þessi ákvæði því væntanlega sömu þýðingu og sambærileg frestsákvæði í öðrum lögum um skattamál. Frávísun ríkisskattstjóra verður hvorki borin undir yfirsattanefnd né dómstóla, sbr. 3. mgr. 5. gr. Frávísun sætir á hinn bóginn væntanlega kæru til fjármálaráðherra samkvæmt almennum reglum stjórn-sýsluréttar þar sem annað er ekki tekið fram í ákvæðinu. Ríkisskattstjóri hefur þó ekki vakið athygli álitsbeiðanda á þeim kæru rétti hingað til. Bindandi álit ríkisskattstjóra má kæra til yfirsattanefndar, sbr. 1. mgr. 5. gr., og skjóta má úrskurði hennar til dómstóla innan mánaðar frá úrskurðardegi, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Greindum mánaðarfresti var bætt í lögina í meðförum Alþingis með þeim orðum að „... þriggja mánaða frestur [verði] að teljast óþarflega langur.“ Líklega eru margir á þeirri skoðun að jafnvel þriggja mánaða frestur hefði verið óhæfilega skammur. Samkvæmt 8. gr. laganna skal ríkisskattstjóri birta ákvarðanir og niðurstöður sem fram koma í álitum að því leyti sem þær hafa almenna þýðingu. Ráðgert er að þetta efni birtist í Skatta- og tollatíðindum.

Til að mæta tilheyrandi kostnaði er álitsbeiðanda gert að greiða gjald vegna álitsins samkvæmt gjaldskrá fjármálaráðherra nr. 547/1998, að hámarki 50.000 kr. Þó ekki lægra en 10.000 kr. Í þeim tilvikum þegar máli hefur verið vísað frá eða beiðni dregin til baka getur

— — — — —

*hafa þessi ákvæði því væntanlega sömu þýðingu og sambærileg frestsákvæði í öðrum lögum um skattamál.*

— — — — —

fjármálaráðherra ákveðið að endurgreiða gjaldið. Samkvæmt ofangreindri gjaldskrá hefur ráðherra framselt ríkisskattstjóra hluta þessa valds, þ.e. um endurgreiðslur ef vinna hefur ekki verið hafin. Sérstaklega er tekið fram í lögnum að ágreiningi um gjald verði ekki skotið til yfirsattanefndar eða dómstóla. Samkvæmt almennum reglum verður þessum ágreiningi hins vegar skotið til fjármálaráðherra.

— — — — —

*Það hefði þó verið edlilegra að kanna eilítið reynslu Dana af sinni löggjöf og meta hvort ekki væri tilefni til að lögfesta heldur þýðingu á gildandi lögum ytra.*

— — — — —

Undanfarna áratugi hefur ríkisskattstjóri svarað fyrirspurnum annarra stofnana, samtaka og einstakra skattþegna um skilning embættisins á tilteknum álitamálum í skattarétti. Þau eru í mörgum

tilvikum vönduð og bera ljós merki þess að hafa útheimt mikla vinnu. Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 91/1998 kemur fram að fyrirfram bindandi álit ríkisskattstjóra sé viðbót við aðra upplýsingagjöf innan skattkerfisins og annars eðlis. Er samkvæmt þessu áfram unnt að óska eftir afstöðu ríkisskattstjóra á tilteknum lagaatriðum en afstaða embættisins á þeim grundvelli sætir hvorki kæru né málsókn þar sem ekki er tekist á um rétt eða skyldu.

Eins og áður er komið fram eru lög nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum, sniðin eftir dönskum lagaákvæðum um sama efni og er það út af fyrir sig ekki aðfinnsluvert. **Það hefði þó verið edlilegra að kanna eilítið reynslu Dana af sinni löggjöf og meta hvort ekki væri tilefni til að lögfesta heldur þýðingu á gildandi lögum ytra.** Framkvæmdin mun leiða í ljós ávinning skattþegna af þessari nýju löggjöf en í orði kveðnu er hann nokkur, einkum í flóknum málum og málum þar sem mjög miklir hagsmunir eru í húfi. Vandséð er hins vegar að nýtt fyrirkomulag fækki ágreiningsmálum eins og væntingar eru um í lögskýringargögnum. Að mínu viti verður því markmiði helst náð með birtingu úrskurða og verklagsreglna, þar með talið birtingu þeirra bréfa ríkisskattstjóra til skattstjóra sem þýðingu hafa fyrir skattframkvæmd.

## Málþing á Þingvöllum

Nú hefur verið afráðið að málþing, Lögmanna- og Dómarafélagsins, sem haldið verður á Þingvöllum þann 4. júní næstkomandi, muni taka jafnræðisregluna í íslenskum rétti til umfjöllunar. Ekki hefur verið ákveðið enn hverjir muni hafa framsögu á þinginu. Hins vegar hefur það verið ákveðið að Sigurður Línadal lagaprófessor muni leiða þáttakendur í allan sannleik um sögu Þingvalla í göngutúr um svæðið fyrir hádegismatinn. Til að efla mönnum vit og

matarlyst. Vel er til fundið enda fáir Sigurði fróðari um staðinn eða reyndari í leiðsögn sem þessari. Betra er þannig að hafa hentugan skófatnað í það minnsta með, svo forða megi pinnahælunum og Lloydsskónum við náinni snertingu við náttúruleg jarðefni. Þessi nýbreyttni er síðan afráðin í trausti þess að veðrið á Þingvöllum á þessum degi verði með hefðbundnu sniði eins og á liðnum árum

# Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála

Þann 26. mars sl. kvað áfrýjunarnefnd samkeppnismála upp þann úrskurð að ákvörðun samkeppnisráðs, í máli því sem Lögmannafélagið efndi til vegna lögfræðistarfa háskóla-prófessora, væri staðfest. Sú ákvörðun fól í sér, eins og kunnugt er, að ekki væri ástæða til íhlutunar samkeppnisráðs þar sem samkeppni sú sem fælist í þessum lögfræðistörfum væri ekki skaðleg né færi gegn samkeppnislögum.

Úrskurður nefndarinnar er til reiðu á skrifstofu Lögmannafélagsins fyrir þá sem vilja kynna sér úrskurð áfrýjunarnefndarinnar í heild en hér verður dregið á helstu atriði í forsendunum. Niðurstöðukafla úrskurðarins telur um það bil þrjár blaðsíður.

Fyrst kemst nefndin, eins og samkeppnisráð, að því að vinna háskólafrófessorana feli í sér atvinnustarfsemi og eigi þannig undir samkeppnislögin.

Því næst er víkið að þeim bréfaskrifum sem efnit var til vegna erindis Lögmannafélagsins. Fyrst bréf lagadeildar Háskólans þar sem eðli og umfang starfa kennaranna eru rakin almennum orðum, sem og tilhögun þessara starfa. Síðan athugasemdir Lögmannafélagsins við þau skrif en þær athugasemdir fólust í því að félagið taldi að kanna bæri hvert væri umfang útseldrar lögfræðipjónustu, fyrir hverja væri unnið, hvers eðlis þjónustan væri, hvernig verðlagningu þjónustunnar væri háttað, hvort almennir starfsmenn Háskólans legðu hönd á plóg, eða laganemar og hvort þessi störf væru styrkt af opinberu fé. Lagadeild fékk at-

hugasemdir þessar til umsagnar og taldi ekkert nýtt felast í þeim og vísaði til fyrra svars.

-----

*Tekur úrlausnin mið af því að einvörðungu sé um lögfræðilegar álitserðir að ræða og þær fáar en engin önnur störf.*

-----

Áfrýjunarnefndin fellur svo í sömu gryfjuna og ráðið gerði að telja enga þörf á því að málsatvik séu könnuð sjálfstætt né afla þurfi gagna. Nefndin lætur þannig fullyrðingar lagadeildarinnar um eðli, umfang og tilhögun þessara starfa nægja sem grundvöll að úrlausn málsins. Tekur úrlausnin þannig mið af því að einvörðungu sé um lögfræðilegar álitserðir að ræða og þær fáar en engin önnur störf. Virðist nefndin þannig fallast á það sjónarmið samkeppnisráðs að beita megi sönnunarreglum, líkt og í einkamálum, til að fullnægt sé meðalhófs- og máls-hraðareglum stjórnisýsluréttar. Vegna þeirra tveggja megi fóna rannsóknarreglunni. (Tekið skal fram að málið var í eitt og hálf ár til umfjöllunar hjá samkeppnisráði). Síðan bætir raunar nefndin því við að málatilbúnaður Lögmannafélagsins gefi enga ástæðu til að ætla að umfang lögfræðilegra álitserða kennara lagadeildar hafi teljandi áhrif á starfsemi lögmannna. Því þurfi ekki frekari rannsóknar við svo fullnægt sé 39. gr. samkeppnislaga og 10. gr. stjórnisýslulaga. Fyrst

gefur þannig nefndin sér það að allt sé rétt í málatilbúnaði lagadeildar. Svo gefa þeir sér það næst að þessi starfsemi hafi óveruleg áhrif á störf lögmannna.

Að formhlið málsins afgreiddri viku nefndin sér að efnislegri úrlausn málsins og fjallar ítarlega um einkarétt lögmannna til málflyttings og gefur sér það m.a. að málflyttingsstörf séu að drýgsti hluti starfans eða alltént telur nefndin „ekki varhugavert“ að ætla að vinna lögmannna við lögfræðilegar álitserðir sé almennt óverlegur hluti af heildarstörfum þeirra. Loks viku nefndin að því að lögmennt höndli iðulega með mikla fjárhagslega hagsmuni fyrir skjólstæðinga sína utan réttarsala og þá utan einkaréttarins og því eðlilegt að á lögmonnum hvíli ákveðnar skyldur varðandi fjárvörslu og starfsábyrgðartryggingar. Þær skyldur eigi ekki að útiloka aðra frá samkeppni um ritun lögfræðilegra álitserða.

Hafa má ýmis orð um þennan úrskurð. Sérstaka athygli vekur hversu grunnrist röksemdafærslan er. Það er býsna margt sem nefndin telur óhætt að leggja til grundvallar, annað hvort á grundvelli staðhæfinga lagadeildar eða á brjóstviti nefndarmanna. Raunar virðist úrskurðurinn byggja verulega á því að nefndarmenn hafa talið það að Lögmannafélagið væri að ósekju að agnúast út í það þó opinberir starfsmenn nái sér í smá aukaaður meðfram föstu starfi sínu. Það greinilega á ekki upp á pallborðið hjá nefndinni. Tekið skal fram að hún var skipuð ad hoc í máli þessu þar sem venjulega eiga þar sæti einn háskólafrófessor og lögmaður.

# Viðbrögð formanns Lögmannafélagsins við úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála

**Lögmannablaðið** innti Jakob R. Möller, hrl., formann Lögmannafélags Íslands, eftir viðbrögðum hans við niðurstöðu áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

**Jakob:** Við þurfum að hafa í huga, hvað það var sem Lögmannafélagið óskaði eftir við Samkeppnisstofnun. Það var í fyrsta lagi, að kanna hvert væri umfang lögfræðistarfa kennara lagadeildar við lögfræðilegar álitserðir, í öðru lagi hvort samkeppni þeirra við lögmennt væri á jafnræðisgrundvelli og í þriðja lagi, hvort hún væri andstæð ákvæðum samkeppnislaga.

Samkeppnisráð tók þá afstöðu að kanna ekki umfang lögfræði-

-----  
*Vonbrigði, að  
samkeppnisyfirvöld  
bregðist rannsóknar-  
skyldum sínum*  
-----

starfanna, heldur lét sér nægja yfirlýsingar kennaranna sjálfra um að störf þeirra að lögfræðilegum álitserðum væru smávægileg, um það bil 20 – 25 álitserðir á „undanförnum árum“, án þess að það væri skilgreint nánar. Óhætt er að fullyrða, að við aðrar kannanir Samkeppnisstofnunar hafa samkeppnisyfirvöld ekki látið sér nægja slíkar yfirlýsingar, enda vandséð hvers

vegna þau ættu þá að hafa þær umfangsmiklu rannsóknarheimildir, sem þau hafa. Í þessu máli hefði lágmarksrannsókn falizt í því að óska eftir greinargerðum þeim, eða ársreikningum, sem hljóta að hafa fylgt skattframtölum prófessoranna „undanfarin ár“.

Nú er það auðvitað svo, að prófessorar í lögfræði eru ekki bara mjög góðir lögfræðingar, heldur eru þeir líka heiðvirðir menn. En fyrrisvarsmenn Landsíma Íslands hf. og Útfarastofu Kirkjugarðanna í Reykjavík, svo dæmi séu tekin, eru líka heiðvirðir menn. Yfirlýsingar þeirra hafa samt ekki verið teknar góðar og gildar án rannsókna. Aðalviðbrögð mín eru því vonbrigði yfir því, að samkeppnisyfirvöld skuli hafa brugðizt rannsóknaskyldum sínum.

**Lögmannablaðið:** Er eitthvað sérstakt sem lögmennt og stjórn Lögmannafélagsins getur lært af þessu máli?

**Jakob:** Við getum lært það að fylgjast betur með en áður. Ef við gefum okkur að orðalagið „undanfarin ár“ taki til um það bil fimm ára, sem sýnist ekki ósanngjarnt, hafa samkeppnisyfirvöld slegið því föstu, að lögfræðilegar álitserðir prófessora séu um það bil 4-5 á ári, það er um það bil hálf álitserð á hvern prófessor á ári. Við teljum fjarri sanni, að umfang þeirra sé ekki meira. Fari einkastörf prófessora, hvort sem er við Lagastofnun, eða algjörlega fyrir eigin reikning, verulega fram úr þessum mörkum er ljóst, að niðurstaða samkeppnisyfirvalda er fengin á röngum forsendum og full ástæða fyrir félagið að bregðast við. Með þessu þurfum við að fylgjast.

## AÐFARARGERÐIR

eftir Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómara  
Fæst hjá Bóksölu stúdenta og á skrifstofu L.M.F.Í.

— o o o —

Aðrar bækur útgefnar af Námssjóði L.M.F.Í.:

Dómar um bótaábyrgð hins opinbera 1920-1984

Dómar í félagarétti 1968-1988

Dómar í sjóréttarmálum 1965-1982

Dómar um veðréttindi 1920-1988

Dómar í skaðabótamálum 1979-1988

Dómar í skaðabótamálum 1973-1978

Dómar um almennt einkamálaréttarfar

---

**Námssjóður Lögmannafélags Íslands**

# Aðalfundur Lögmannafélags Íslands 12. mars 1999

Aðalfundur félagsins var haldinn föstudaginn 12. mars 1999. Ekki var mjög fjölmennt á fundinum en fundar- sökn þó sæmileg.

## **Skýrsla stjórnar**

Í fyrstu var gengið til hefðbund- inna aðalfundarstarfa þar sem for- maðurinn hafði framsögu um starf félagsins og nefnda á liðnu starfs- ári. Félagið gaf út ritling þar sem skýrsla stjórnar ásamt reikningum er birt og hér verður látið nægja um flest að vitna til þess rits fyrir þá sem vilja hafa spurnir af ferð formannsins á Vínardansleik í keis- arahöllinni í Vín (bls. 24). Svo vék hann að öðrum málefnum eins og samkeppnisstöðu lögmanna, sem þótti ekki góð á vissum sviðum þ.e. lögmenn væru ekki að sinna verkum sem þó ættu undir þá að öllu eðlilegu. Formanninum er þetta hugleikið eins og forystu- grein þessa blaðs ber með sér. Þá nefndi formaðurinn tvo aðila á markaðinum sem lögmenn ættu í samkeppni við án þess að rök stæðu kannski til þess. Annars vegar háskólaþrífessorana og hins vegar embætti ríkislögmans sem Jakob taldi einna umfangsmestu lögmansstofuna sem einvörðungu sinnir málflutningi. Hvað háskóla- þrífessorana snertir gat formaður um yfirstandandi málarekstur fyrir samkeppnisyfirvöldum og lá ekki létt orð til framgöngu samkeppnis- ráðs í málinu. Embætti ríkislög- manns taldi Jakob henta einkar vel sem viðfangsefni einkavæðingar- nefndar ríkisstjórnarinnar, í það minnsta að hluta til. Málflutningi sínum lauk formaðurinn svo með umfjöllun um þau tímamót sem fé- lagið stendur á vegna nýrra lög- mannalaga og skiptingar félagsins í skylduaðild og félagsdeild.

Marteinn fór yfir reikninga fé-

lagsins og útskýrði í hverju umtals- vert tap félagsins væri fólgið, véla- bilunum, kostnaðarfærslu bóka- kaupa (í stað eignfærslu á liðnum árum), kostnaðar vegna málarekst- urs og afskrifta ógreiddra félags- gjalda gjaldþrota félaga. Megin- ástæðan fyrir taprekstri þessum er síðan náttúrulega sú að félags- gjöldum hefur verið haldið of lág- um með þeirri afleiðingu að ekkert svigrúm er fyrir óvæntum útgjöld- um í tekjum ársins né svigrúm til að bregðast við skuldseiglu sumra félagsmanna.

Síðan var engin umræða um dagskrárliðina tvo og þeir sam- þykktir samhljóða.

## **Kosningar**

Næst var gengið til kosninga og gekk þar allt eftir eins og tillaga stjórnar félagsins gerði ráð fyrir. Kristinn Bjarnason hrl. og Sigur- björn Magnússon hrl. luku stjórnar- setu sinni og Gunnar Jónsson hrl. og Valborg Þ. Snævarr hdl. voru kjörin í þeirra stað. Þau höfðu bæði átt sæti í varastjórn þannig að í stað þeirra þar voru kjörnir þeir Ársæll Hafsteinsson hdl. og Helgi Birgisson hrl. Hafði formaðurinn það sérstaklega á orði í tilefni af kjöri Ársæls að þar sæi stað breyt- ing vegna breyttra tíma og nýrra laga en með kjöri hans eykst veg- ur þeirra lögmanna sem ekki hafa opna starfsstofu innan félagsins.

## **Námssjóður og Ábyrgðar- sjóður**

Svo var framtíð Námssjóðs og Ábyrgðarsjóðs afráðin.

Fyrst var samþykkt ný skipulags- skrá fyrir Námssjóðinn þar sem hlutverki hans var breytt í þá veru að hér eftir er hlutverk hans í raun það að vera fjárhagslegur bakhjarl bókasafnsins. Smá glufa er þó skil- inn eftir til annarra verkefna „sem

stuðla að aukinni menntun lög- manna, ef sérstakar ástæður eru til“.

Því næst var samþykkt að leggja Ábyrgðarsjóðinn niður. Þörfin fyrir hann var ekki talinn vera lengur fyrir hendi vegna krafna nügild- andi lögmannaalaga um starfs- ábyrgðartryggingar. Jafnframt því sem tekjustofn sjóðsins er horfinn með því að málalgjaldið var aflagt. Með vísan til þessa var það mat stjórnar að rekstri sjóðsins væri sjálfhætt. Enginn andmælti þessu og var tillagan samþykkt umræðu- laust.

## **Skóðanakönnun Gallup**

Næst kvaddi sér hljóðs maður frá Gallup og fór í gegnum helstu nið- urstöður skóðanakönnunarinnar sem fyrirtækið stóð fyrir meðal lög- manna. Um þær niðurstöður vísast til fyrrnefnds ritlings en heldur þótti mannum lögmenn daufleg- ir á fundinum og hafði í það minnsta í fjórgang orð á því. Hon- um létti mjög þegar fundarstjóri, Páll Arnór, fræddi hann á því að það væri ekki vegna skorts á áhuga, órölega deildin í félaginu væri bara öll á landsfundi Sjálf- stæðisflokksins.

## **Önnur mál**

Fyrst vakti Ragnar H. Hall hrl. at- hygli á að gæta þyrfti þess að full- nægja kvöðum þeim, sem Jón E. Ragnarsson hrl. hefði bundið bókasafnsarf sinn, sem félagið undirgekkst að Jóni látnum. For- maðurinn fullvissaði Ragnar um að hann skyldi ganga úr skugga um að þær kvaðir verði hafðar í heiðri.

Loks færðist aðeins fjör í fundinn er Jónas Haraldsson hdl. kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrár- lið. Flutti hann fundarmönnum og félaginu ádrepu allnokkra fyrir að sinna slælega hagsmunagæslu fyrir

þann flokk lögmanna sem hann kallaði B - lögmenn, þá sem ekki hafa opna starfsstofu. Sagði hann félagið ekki nenna að gæta hagsmuna þeirra. Tilefni þessara orða eru ákvæði lögmanna laga sem setja það að skilyrði fyrir málflutningsleyfi að menn hafi starfsábyrgðartryggingar og hafi opna lögmennsstofu eða, ef þeir starfa fyrir aðra, sæki um undanþágu, sem fylgja ber staðfesting atvinnurekanda, með vísan til þess að þeir sinni einvörðungu lögmennsstörfum fyrir hann. Jónas lýsti því yfir að undir þetta ok myndi hann ekki beygja sig og því væri ekki annað eftir en að kveðja félagið þar sem hann yrði sviptur málflutningsréttindum í apríl er frestur laganna rynni út. Gekk hann svo á dyr.

Formaðurinn svaraði Jónasi. Fyrst áréttaði hann að þó félagið kynni að hafa möguleika á að hafa

áhrif á löggjöf þá væri það svo að löggjafarvaldið væri hjá Alþingi en ekki Lögmannafélaginu. Væri Jónas því nokkuð að hengja bakara fyrir smíð. Í annan stað gat Jakob þess að það sem Jónas væri að fara fram á fæli ekki í sér að njóta jafnræðis við aðra lögmenn heldur vildi hann njóta betri stöðu þar sem hann nyti annars vegar launa frá atvinnurekanda sínum en hefði jafnframt möguleika á að sinna málflutningi fyrir aðila út í bæ, án þess þó að þurfa að standa straum af starfsábyrgðartryggingum og öðrum þeim kostnaði sem rekstri lögmennsstofu fylgdi. Jakob var ekki meðmæltur slíkum sérkjörum Jónasi til handa. Fátt varð um andsvör enda Jónas farinn.

### **Aðalfundur félagsdeildar Lögmannafélagsins**

Lauk þar með aðalfundi Lög-

mannafélagsins en um leið hófst næsti fundur. Aðalfundur félagsdeildar Lögmannafélagsins.

Fyrst voru reglur um deildina bornar upp og samþykktar.

Þá ákveðið hvert árgjaldið ætti að vera, með vísan til skoðanakönnunar Gallup og loks kosinn stjórn Námssjóðsins.

Heldur þótti Jakobi, líkt og Gallupmanninum, fundarmenn dauflægir í ljósi umfjöllunarefnisins. Gerði þá fundarmaður hróp að formanni fyrir það gáleysi að halda landsfund Sjálfstæðisflokksins á sama tíma. Hýrnaði aðeins yfir fundarmönnum við þetta hróp en frekari viðbrögð eða umræða urðu tæpast. Næg þótti flestum fundarsetan orðin og lauk þar með þessum tímamótaaðalfundi í Lögmannafélaginu á jafn stilltum nótum og hann hófst.

# Hlutvís

## HLUTASKRÁRKERFI

- Heldur utan um viðskiptasögu hvers hluts.
- Breytingar á hlutafé - hlutafjárútböð, jöfnun, arður.
- Umboð, heldur utan um veitt umboð.
- Flokkar, hægt að skrá hlutabréf í mismunandi flokka sem hafa mismunandi atkvæðavægi.
- Hluthafafundir, prentun fundarboða, aðgöngumiða atkvæðaseðla, mæting.
- Prentun hlutabréfa, hlutafjármiða, arðsávísana, o.fl.
- Getur haldið utan um mörg hlutafélög í einu.

*Hafðu samband og við kynnum Hlutvís fyrir þér.*

Gagnabanki á Internetinu

- Hæstaréttardómar
- Þinglýsingar
- Reglugerðir
- Hlutafélagaskrá
- Lagasafn Íslands, einnig á CD
- Álitsgerðir og margt fleira

# Réttarríkið

<http://www.adgengi.is>

**ÚRLAUSN**  
**AÐGENGI**

*Kynntu þér áskrift að Réttarríkinu.*

Skreifan 7 - 108 Reykjavík - Sími 568 8886 - [www.adgengi.is](http://www.adgengi.is) - [urlausn@adgengi.is](mailto:urlausn@adgengi.is)

# Sumarbústaðir, matsmál

**T**vö ár eru líklega liðinn síðan aðalfundur Lögmannafélagsins samþykkti að selja annan sumarbústaðinn sem félagið á. Stjórn félagsins hófst í kjölfarið handa við það verk. Framganga sölunnar hefur vægast sagt gengið brösulega. Orlofsheimilasjóður Bandalags háskólanna, sem hefur kaupskyldu að bústaðnum, hefur verið allt annað en tilleiðanlegur til að greiða viðunandi verð fyrir hann.

Fór svo að Lögmannafélagið óskaði dómkvaðningar matsmanna til að fá úr verðmæti hans skorið. Málið þokaðist lengi vel ekkert áfram. Vettvangsskoðun matsmannanna dróst svo mjög að jafnvel þó matsmennirnir hefðu ákveðið að fara fótgangandi væru þeir búnir að fara nokkrar ferðir austur í Brekkuskóg

hefðu þeir lagt af stað fyrir þeim níu mánuðum sem liðnir eru frá því að Héraðsdómur Suðurlands setti þá til verksins. Dómstólnum mun þótt nóg komið af seinlætinu og setti matsmönnum frest til að ljúka verkinu og leiddi það til þess að þeir gerðu bragabót á og luku störfum sínum þann 30. mars síðastliðinn.

Niðurstaða þeirra er sú að verðmæti eldra sumarbústaðarins sé 2 - 2,5 milljónir eftir mismunandi forsendum. Það verð er um það bil 100% hærra en það sem Orlofsheimilasjóður Bandalags háskólanna bauð. Næst er að taka upp viðræður við sjóðinn um kaupin. Vonandi sjá þeir nú ljósið svo ekki þurfi að koma til málaferla.

## Árshátíð

**Á**rshátíð Lögmannafélagsins er að baki eins og aðalfundurinn. Var það mál viðstaddra sem Lögmannablaðið hefur heyrt í að til hafi tekist með sóma. Mun þakklæti gestanna hafa verið ómælt í garð skemmtinefndarinnar sem Valborg Snævarr hdl. stýrði með rögg. Þótti mönnum að ósekju að skemmtinefndinni hefði mátt þakka í veislulok sem mun hafa farist fyrir þó mælt hafi verið margt minnið úr ræðustól.

Sérstaklega þótti Atli Gíslason hrl. taka sig vel út sem veislustjóri og þurfti hann ekki Bonus pater til að halda samkomugestum við efnið. Líklega er húsdýrahald Atla smærra í sniðum en Sigurðar Helga Guðjónssonar hrl., sem annaðist stjórnina í fyrra. Ekki var hann þó berskjaldaður alveg, né vopnlaus, en hann mun hafa haft kúabjölluna eina, mikinn stólpagrip, sér til halds og traust til að kveða niður kurr og skvaldur þætti honum háreisti úr hófi keyra. Mun honum hafa haldist vel stjórn á viðstöddum með verkfæri þessu. Svo góður rómur var gerður að gripnum að Atli, af þekktum höfðinsskap, færði bjölluna félaginu að gjöf til hagnýtingar á mannamótum framtíðarinnar.

Eigi var heiðursgestur kvöldsins, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sporgöngumaður Atla í djörfung. Vék hún sér fimlega undan klóakbröndurum, tengdum Japansferð, sem þá var nýafstaðin og sneri slíkum tilburðum upp í grín sem hitti helst hana sjálfa fyrir. Kætti það veislugesti og það svo að hörðustu íhaldsmenn, sem eru nokkrir meðal lögmanna, hýrnuðu á brún.

Svo verður ekki við frásögn af árshátíðinni skilið án þess að geta frammistöðu Gunnars Jónssonar hrl. sem mun hafa verið með eindæmum. Fer þar mikill söngmaður og þóttust menn þar sjá holdgerfðan sjálfan rokkinginn framliðna frá henni Ameríku, ekki skemmdu fölsku bartarnir, klæða- og limaburður, sem og lögin.

Þegar sól var löngu hnigin til viðar og starfsmenn Hótel Loftleida vildu fara að tygja sig heim, brugðu lysthafendur sér upp fyrir snjólinu í veislu í heimahús eins lögmansins. Hvernig það samkomuhald gekk svo til eru fáir til frásagnar. Þeir veislugesta sem Lögmannablaðið hefur rætt við bera fyrir sig óminni, sökum þreytu...

# Hagsmunagæsla gagnvart Lögmannafélaginu

Er viðeigandi að lögmenn gæti hagsmuna skjólstæðinga sinna gagnvart Lögmannafélaginu í þeim tilgangi að hafa áhrif á umsagnir félagsins um lagafrumvörp?

Þessi spurning leitaði á hugann er af því fréttist að tveir hæstaréttarlögmenn hefðu sent Lögmannafélaginu erindi, f.h. tveggja tryggingafélaga sem þeir starfa fyrir, í þeim tilgangi að hafa áhrif á umsögn Lögmannafélagsins um frumvarp til breytinga á skaðabótalögnum sem var til umfjöllunar á Alþingi. Erindið laut efnislega einkum að atriðum sem nefna má tryggingapólitísk en af slíkum hlutum skiptir Lögmannafélagið sér almennt ekki af í umsögnum sínum um frumvörp. Fór það enda svo í þessu tilviki að tvímenningarnir höfðu ekki erindi sem erfiði.

Það er í sjálfu sér göfugt og ekkert út á það að setja að lögmenn gæti hagsmuna skjólstæðinga sinna með flestum tiltækum ráðum. Er hins vegar ekki gengið of langt með svona bréfaskrifum? Í þokkabót er umbjóðandinn í þessu tilviki

-----

*Slíkt hlítur að teljast bísna vafasamt í ljósi þess að Lögmannafélagið er þverpólitískt fagfélag*

-----

sjálfur umsagnaraðili um lagafrumvarpið sem með þessu er að knýja á um hagstæða umsögn annars umsagnaraðila. Slíkt hlítur að teljast býsna vafasamt í ljósi þess að Lögmannafélagið er þverpólitískt

fagfélag, í víðasta skilningi þess orðs, sem allir lögmenn eru skyldaðir til að eiga aðild að, án tillits til stjórnmálaskoðana eða viðhorfa til manna og málefna.

Það er eðlilegt að hver lögmaður móti sér skoðanir til þeirra mála sem eru til umfjöllunar á hverjum tíma. Það er svo jafneðlilegt að skoðanirnar hneigist í átt til þess sem helstu viðskiptamönnum er hagstætt, ella endast menn ekki lengi við að þjónusta þá viðskiptamenn. Hins vegar hlýtur að vera hagfelldast að menn beiti sér ekki gagnvart félaginu þessum skoðunum til dýrðar.

Menn hafa næg tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri á fræða- og umræðufundum þar sem menn með ólíkar skoðanir geta att kappi hver við annan í orðræðu. Höldum okkur við það.

## Tilmæli Fangelsismálastofnunar

*Fangelsismálastofnun sendi Lögmannafélaginu neðangreint bréf, sem birt er félagsmönnum til fróðleiks og eftirbreytni eftir atvikum:*

Varðar: Verjendur í opinberum málum.

Samkvæmt upplýsingum Fangelsisins Litla-Hrauni er nú mjög algengt að verjendur sakborninga sem sæta gæsluvarðhaldi noti númeraleynd á símtæki sín. Vegna rannsóknarhagsmuna, öryggis fangelsanna og persónuverndar er nauðsynlegt að starfsmenn fangelsanna geti á auðveldan hátt gengið úr skugga um að sá sem hringir í viðkomandi fangelsi sé sá sem hann segist vera.

Fangelsismálastofnun fór þess á leit við Tölvunefnd að Fangelsið Litla-Hrauni fengi leyfi til að fá birt í heild á aflestarskjá þau númer sem hringt er úr í símanúmer einangrunardeildar fangelsisins þrátt

fyrir að viðkomandi símnótandi hafi númeraleynd. Tölvunefnd lagði hins vegar til að fangelsið myndi til reynslu prófa þá aðferð að beina þeim tilmælum til þeirra sem hringdu í fangelsið með númeraleynd að aftengja leyndina þegar þeir hringja í fangelsið.

Fangelsismálastofnun vill því beina þeim vinsamlegu tilmælum til lögmanna, sem sinna verjenda-störfum í opinberum málum, að þeir hringi án númeraleyndar þegar þeir hafa símsamband við skjólstæðinga sína í fangelsunum.

Þess er óskað að Lögmannafélag Íslands komi þessum tilmælum á framfæri við þá félagsmenn sína sem málið varðar.

e.u.

Sigrún Ágústsd. (sign)

*Hér með er gert sem um er bedið.*



# Norræna málfutningskeppnin í Reykjavík 1999

Eins og flestir lögmenn vita er Norræna málfutningskeppnin keppni milli tólf liða lagana frá lagadeildum á Norðurlöndunum. Keppt er í skriflegum og munnlegum málfutningi með þeim hætti að keppendur skila fyrst inn greinargerðum þar sem fjallað er um meint brot gegn Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) í tilbúnum málsatvikum sem keppnisstjórnin leggur fram og gerast í einhverju Norðurlandanna og svo fer fram munnlegur málfutningur á grundvelli málsatvikanna og greinargerðanna. Nafn íslenska liðsins er Club Lögberg. Sex til átta laganemar hafa keppt fyrir hönd íslenska liðsins á ári í

keppninni og er það myndarlegt hlutfall þeirra lögfræðinga sem útskrifast árlega frá lagadeild Háskóla Íslands.

-----  
*Verður þetta að teljast meiri háttar viðburður í íslensku lögfræðisamfélagi.*  
-----

Sá hluti keppinnar sem munnlegi málfutningurinn fer fram í færast milli Norðurlandanna ár hvert og er því haldinn á Íslandi fimmta hvert ár. Keppnin var hald-

in í Reykjavík 1989 og 1994 og verður haldin þar aftur í ár dagana 12.-13. júní. Þá munu streyma til landsins háttsettir lögfræðingar til að dæma í keppninni, fjölmargir lögmenn, lögfræðingar og lagamenar í hlutverki formanna og heiðursformanna liðanna, aðstoðarmanna keppenda og starfsmanna keppinnar og síðast en ekki síst um sjötíu keppendur. Má ætla að fjöldinn verði vel á annað hundrad. Verður þetta að teljast meiri háttar viðburður í íslensku lögfræðisamfélagi.

Hin tilbúnu málsatvik í ár gerast á Íslandi og fjalla um Gottsvein Mus, fyrrverandi leigubifreiðastjóra, sem keypti húsið Boggu í

## Erindi Félags bankalögfræðinga

Stjórn Lögmannafélagsins barst nýverið erindi frá stjórn Félags bankalögfræðinga. Erindið var tvíþætt.

Í fyrsta lagi var þess óskað að Lögmannafélagið hreyfði ekki athugasemdum við það að þeir sem sæktu um undanþágu skv. 12. gr. lögmanna laganna framvísuðu ekki samþykki atvinnurekanda. Í öðru lagi var þess óskað að félagatali Lögmannafélagsins yrði breytt þannig að hætt yrði að greina menn í flokka eftir því hvort þeir eru sjálfstætt starfandi eða störfuðu hjá öðrum.

Pau rök voru færð fyrir fyrri óskinni að lögmenn væru án tillits til starfsvettvangs háðir síða-

reglum Lögmannafélagsins, þ.m.t. þeim grunnreglum að lögmenn séu sjálfstæðir og óháðir. Taldi stjórn Félags bankalögfræðinga það að krefjast samþykkis atvinnurekanda væri til þess fallið að veða að þessu sjálfstæði og vandséð í hvaða tilgangi það væri gert þar sem ljóst væri að atvinnurekandinn bæri allt að einu ábyrgð á störfum lögmanns sem hann sinni í starfi hjá honum. Taldi Félag bankalögfræðinga lagaákvæðið óþarft og einungis til þess fallið að lýsa vantrú á heilindi þeirra sem undir það féllu. Hvað síðari óskina snerti taldi félagið þessa skiptingu óþarfa og einungis til að valda

mönnum vandkvæðum við að fletta upp símanúmerum.

Hvað síðar greinda atriðið snertir var því lýst yfir af formanni Lögmannafélagsins á aðalfundi félagsins, að félagatalinu myndi verða breytt vegna þeirrar breyttu stöðu sem ný lögmanna-lög sköpuðu lögmönnum. Fyrrgreinda atriðið varðandi undanþáguna var síðan afgreitt á fundi stjórnar félagsins. Félagi bankalögfræðinga var tilkynnt um þá niðurstöðu að Lögmannafélagi Íslands væri ekki tækt að brjóta gegn afdráttarlausu lagaákvæði sem gerði samþykki atvinnurekanda að skilyrði.

Grjótaþorpinu í Reykjavík á sjötta áratugnum. Hefur hann búið þar síðan og rak þar ennfremur sína eigin leigubifreiðastöð þar til leyfi hans til leigubifreiðastöðs var afturkallað í byrjun tíunda áratugarins þar sem hann var orðinn sjötugur. Ágreiningurinn í málinu er tvískiptur að vanda:

Í fyrsta lagi er deilt um húsið Boggu og lóðina sem það stendur á. Deiliskipulag var samkvæmt málsvikunum ekki sett fyrir Grjótaþorpið fyrr en 1992 en áður höfðu íbúar þar beðið í óvissu um skipulag og framtíð svæðisins og höfðu þeir ekki haldið við fasteignum sínum af þeim sökum. Deiliskipulagið gerði ráð fyrir að byggja ætti bílastæðahús á lóð

-----

*Verður þetta að teljast  
meiri háttar viðburður í  
íslensku  
lögfræðisamfélagi.*

-----

Boggu og gerði það lóðina mjög verðmæta. En niðurrífsbeiðni Gottsveins var synjað þar sem í ljós kom eftir að deiliskipulagið var sett að húsið Bogga hafði sögulegt og menningarlegt gildi. Húsið var þó ekki friðað. Gottsveinn kærir íslenska ríkið, sem í keppninni er hluti af hinu forna Kalmarsam-

bandi, fyrir Mannréttindadómstól Evrópu fyrir brot gegn 6. gr. MSE um réttláta málsmeðferð fyrir dómi vegna seinagangs við að komast að niðurstöðu í málinu um niðurrífsbeiðnina. Jafnframt kærir Gottsveinn fyrir brot gegn 1. gr. 1. viðauka MSE um friðhelgi eignarréttar vegna þess að honum var synjað um niðurrífsheimild og vegna þeirrar óvissu sem hann þurfti að búa við í áratugi um framtíð eignarinnar á meðan beðið var eftir skipulagi og á meðan hann rak málið um niðurrífsbeiðnina. Ennfremur kærir Gottsveinn fyrir brot gegn 1. gr. 1. viðauka MSE sbr. jafnræðisreglu 14. gr. MSE þar sem honum finnst sér mismunað miðað við þá sem eiga hús sem eru frið-

# Reglur um öflun málflutni

Á aðalfundi Lögmannafélagsins þann 12. mars sl. var dreift til kynningar reglum sem prófnefnd vegna öflunar málflutningsréttinda fyrir Hæstarétti setti þann 11. mars. Til frekari kynningar eru reglurnar birtar hér:

## **Almennar reglur um framkvæmd prófraunar til öflunar málflutningsréttinda fyrir Hæstarétti**

### **1. gr.**

#### **Lagagrundvöllur.**

Reglur þessar eru settar samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998.

### **2. gr.**

#### **Form og efni umsóknar.**

- 2.1 Þegar lögmaður sækir fyrsta sinni um leyfi til þess að þreyta prófraun skal hann láta skriflegri umsókn fylgja staðfestingu dómsmálaráðherra á að hann fullnægi skilyrðum 1.-3. tölulíðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1998.
- 2.2 Umsókn um að þreyta prófraun, hvort sem er með flutningi fyrri máls eða síðara, skal beina til formanns prófnefndar í umslagi merktu: „Prófraun til öflunar málflutningsréttinda fyrir Hæstarétti samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1998“.
- 2.3 Umsókn skal fylgja stutt greinargerð umsækjanda um það hvers vegna hann telji, að málið uppfylli

skilyrði til þess að vera tækt sem prófmál, þ.á m. hver séu veigamestu lögfræðilegu álitaeftir í málinu.

- 2.4 Umsókn skal berast formanni prófnefndar eigi síðar en þremur vikum fyrir flutningsdag samkvæmt málaskrá Hæstaréttar. Prófnefnd er þó heimilt að taka til umfjöllunar umsókn, sem berst síðar, ef sérstaklega stendur á, svo sem að nefndin hafi þegar fjallað um málið vegna annarrar umsóknar.
- 2.5 Málsögn (ágríp) málsaðila skulu fylgja umsókn í þremur eintökum.

### **3. gr.**

#### **Mál sem eru tæk sem prófmál**

- 3.1 Að jafnaði skulu einungis mál, sem flutt eru fyrir fimm eða sjö manna dómi Hæstaréttar samkvæmt málaskrá réttarins, vera tæk sem prófmál.
- 3.2 Einungis einkamál verða samþykkt sem prófmál. Frá þeirri meginreglu er unnt að víkja ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem vegna umfangs málsins og þegar lögfræðileg álitaeftir eru veigamikil.

### **4. gr.**

#### **Grundvöllur matsregla**

Við mat á því hvort mál teljist tækt sem prófmál verður farið eftir þeim meginjónarmiðum sem fram koma hér á eftir:

uð m.a. með hliðsjón af rétti til bóta. Sem fyrirmynd að þessum málsatvikum má nefna H. 1983:787 (Fjalarkattarmálið), H. 1993:2205 (land Karls J. Steingrímssonar (í Pelsinum), Brekka við Grafarvog) og H. 1997:2488 (takmörkun eignarráða veiðiréttar- og landeigenda við Laxá) en síðastnefnda málið fór fyrir mannréttindanefnd Evrópu en var vísað frá.

Í öðru lagi er deilt um afturköllun leyfis Gottsveins til leigubifreiðaaaksturs. Kærir Gottsveinn fyrir brot á 1. gr. 1. viðauka MSE um friðhelgi eignarréttar þar sem hann telur það ekki réttlæt看legt að svipta leyfishafa þessu atvinnuleyfi þegar hann nær 70 ára aldri ef heilsufar hans leyfir honum að aka

áfram. Ennfremur kærir Gottsveinn fyrir brot á 1. gr. 1. viðauka MSE sbr. jafnræðisreglu 14. gr. MSE þar sem hann telur leigubifreiðastjórum á höfuðborgarsvæðinu vera mismunað að þessu leyti miðað við kollega þeirra sums staðar úti á landi og miðað við aðra atvinnubílstjóra. Fyrirmyndin að þessum málsatvikum er m.a. H. 1993:1217 sem fjallaði um mjög svipað álitaefni. Það mál fór fyrir mannréttindanefnd Evrópu en var vísað frá.

Spennandi verður að sjá hvernig íslensku keppendum gengur í ár en þeir njóta góðs af því að málsatvikin gerast nú á Íslandi, m.a. þar sem íslensk lög og dómar koma til skoðunar. Keppendurnir hljóta markvissa þjálfun af hálfu Club

Lögberg bæði vegna skriflega og munnlega málflyttingsins og fá tækifæri til að flytja mál fyrir fremstu lögfræðingum Norðurlandanna þannig að reynsla þeirra af þátttöku í keppninni ætti að vera þeim verðmæt. En til að Íslendingar geti tekið þátt í keppninni verða þeir fimmta hvert ár að taka að sér hlutverk gestgjafa. Nú er komið að Club Lögberg að halda keppnina og því fylgir geysimikil vinna og kostnaður. Er ljóst að íslenskt lögfræðisamfélag verður að styðja vel við bakið á Club Lögberg til að unnt sé að halda keppnina í Reykjavík þannig að sómi hljótist af.

# ngsréttinda fyrir Hæstarétti

- 4.1 Fyrra mál skal varða fleiri en eitt lögfræðilegt úrlausnarefni. Annað mál má vera umfangsminna, en að öðru leyti eru sömu kröfur gerðar.
- 4.2 Í málunum verður að vera lögfræðilegur vafi, sem ekki hefur þegar verið dæmt um svo óyggjandi sé, eða réttmætur efi um, að eldri dómar hafi fullt forðæmisgildi, svo sem vegna breytinga á löggjöf eða af öðrum ástæðum, að mati prófnefndar.

## 5. gr.

### Afgreiðsla umsókna.

Þegar umsókn hefur borist formanni prófnefndar, svo sem að framan er greint, tekur nefndin umsóknina fyrir á fundi. Ákvörðun nefndarinnar um niðurstöðuna skal kynnt sem fyrst og eigi síðar en tveimur vikum fyrir flutning máls í Hæstarétti. Synjun umsókna skal fylgja rökstuðningur nefndarinnar.

## 6. gr.

### Greinargerð prófmanns.

- 6.1 Prófmáður skal skila sérstakri greinargerð um málið til Hæstaréttar og telst hún hluti málflyttings.
- 6.2 Prófmáður skal leggja fyrir Hæstarétt yfirlitsblað með tímaröð atvika með tilvísun til blaðsíðutals í ágripi.
- 6.3 Prófmáður skal leggja fyrir Hæstarétt tilvísanir til fræðiritra og/eða dóma, hvort heldur íslenskra eða erlendra.
- 6.4 Í upphafi málflyttings í fyrra prófmáli skal próf-

maður auk nafns síns í stuttu máli gera grein fyrir menntun sinni, starfsferli og núverandi starfi.

- 6.5 Prófmáður skal að lokinni greinargerð þeirri er getur í tl. 6.4, heita því að viðlögðum drengskap, að hann skuli rækja með trúmennsku og samviskusemi þau málflyttingsstörf, sem honum verða falin.

## 7. gr.

### Mat á prófraun.

Samkvæmt niðurlagsákvæði 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1998 meta dómendur Hæstaréttar, sem skipa dóm í viðkomandi máli, hvort umsækjandi standist prófraunina.

## 8. gr.

### Birting og gildistími reglnanna.

Reglur þessar skulu birtar í Lögbirtingablaði og gilda frá birtingu til 31. desember 1999, en verða þá endurskoðaðar.

Reykjavík, 11. mars 1999

Jakob R. Möller,  
hæstaréttarlögmaður

Hervör Þorvaldsdóttir,  
héraðsdómari

Viðar Már Matthíasson,  
prófessor

# Breytingar á félagatali

Enn sem fyrr eru menn á faraldsfæti, fá útgefin ný málflutningsleyfi og leggja leyfi inn. Nú er að geta nýjustu breytinga á félagatalinu:

## **Ný málflutningsréttindi fyrir béraðsdómi:**

**Bjarni Hauksson hdl.**, Kvistalandi 9, 108 Reykjavík.

**Guðmundur Óli Björgvinsson hdl.**, rekur eigin lögmannsstofu í félagi við Halldór H. Backman hdl. í Lágmúla 7, 108 Reykjavík, sími 581-1190, bréfsími 581-1170.

**Þórir Örn Árnason hdl.**, Hlíðarsmára 8, 200 Kópavogi, sími 5540070, bréfsími 564-5585.

## **Ný málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti:**

**Ólafur Sigurgeirsson hrl.**

### **Látnir félagsmenn:**

**Jóhann Salberg Guðmundsson, hrl.**

**Magnús Óskarsson, hrl.**

### **Lögmannsstofur á nýjum stað:**

**Halldór Jónsson, hdl.**, er fluttur að Vegmúla 3, 108 Reykjavík, sími 533-5377, bréfsími 533-5557.

**Tryggvi Viggósson, hdl.**, er fluttur í Kringluna 7, 103 Reykjavík, sími 588-9690, bréfsími 588-9691

**Örn Höskuldsson, hrl.** er svo fluttur í heimasveitina að Háholti 14, pósthólf 81, 270 Mosfellsbær, sími 586-8130, bréfsími 586-8133, netfang orn@isholf.is

### **Horfið til nýrra starfa:**

**Heiðrún Jónsdóttir, hdl.**, hefur ráðið sig til starfa hjá Kaupfélagi Eyfirðinga, Hafnarstræti 91-95, 600 Akureyri, sími 460-3000, bréfsími 460-3378, netfang heidrun@kea.is

**Þórður Ólafsson, hdl.**, starfar nú hjá Banking

Supervision and Regulation Division Monetary and Exchange affairs Dep. International Monetary Fund, 700 19th. street N.W. Washington D.C. 20431, USA, netfang tolafsson@imf.org

**Hjalti Steinþórsson, hrl.**, Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingamála, Laugavegi 59, 101 Reykjavík, sími 561-5111, bréfsími 561-5145, netfang hjalti@usb.is

### **Ný netföng:**

Benedikt Ólafsson, hdl., benedikt@nett.is

Einar S. Ingólfsson, hdl., einaring@simnet.is

Elvar Örn Unnsteinsson, hrl., elvar@islaw.is

Guðlaug B. Ólafsdóttir, hdl., gudlaug\_olafsdottir@isbank.is

Guðmundur Ágústsson, hdl., ga@islaw.is

Guðrún Sveinsdóttir, hdl., gudrun\_jonsdottir@isbank.is

Hermann Björnsson, hdl., hermann\_bjornsson@isbank.is

Jón G. Briem, hrl., jon\_g\_briem@isbank.is

Jón Haukur Hauksson, hdl., logvest@simnet.is

Jón Höskuldsson, hdl., jonhosk@islaw.is

Kristján Thorlacius, hdl., kbth@if.is

Magnús Guðlaugsson, hrl., magnus@islaw.is

Margrét Gunnarsdóttir, hdl., margret\_gunnarsdottir@isbank.is

Oddur Ólason, hdl., oddur\_olason@isbank.is

Óðinn Elísson, hdl., oe@islaw.is

Ólafur B. Árnason, hrl., oba@nett.is

S. Sif Thorlacius, hdl., sifth@if.is

Smári Hilmarsson, hdl., smarh@icelaw.is

Sonja María Hreiðarsdóttir, hdl., sonja\_hreiðarsdottir@isbank.is

Sölvi Sölvason, hdl., solvi\_solvason@isbank.is

Þórður Þórðarsson, hrl., thordurt@kopavogur.is

## Endurrit hæstaréttardóma

L.M.F.Í. lætur fjölfalda og sendir áskrifendum endurrit hæstaréttardóma á mánaðarfresti.

Endurritin eru í lausblaðaformi og með efnisyfirliti.

**Áskrift er hægt að panta á skrifstofu L.M.F.Í., í síma 568-5620.**

# Ráðstefna um auðkennarétt

Á dögunum komst Björn L. Bergsson hdl, ritstjóri Lögmannablaðsins að því að ég hafði farið til Stokkhólms á eins dags ráðstefnu í sambandi við auðkennarétt. Það hann mig um að setja á blað eitthvað um þessa ráðstefnu og senda sér. Áður en ég hafði gætt að mér hafði ég sagt já. Það er ástæða þess að þessar línur birtast nú hér.

Boðað var til þessarar eins dags ráðstefnu af norrænni samstarfsnefnd sem starfar að því að aðlaga norrænu löggin Evrópurétti á sviði auðkennaréttar. Ráðstefnan var haldin 26. janúar 1999 og var á mjög hentugum stað eða a.m.k. fyrir flesta ráðstefnugesti. Hún var haldin á Arlanda flugvelli í Stokkhólmi þannig að flestir þátttakenda aðrir en Íslendingar, sem njóta þjónustu Flugleiða, gátu komið flugleiðis að morgni og haldið heim samdægurs að lokinni ráðstefnu. Fundinn sóttu frá Íslandi auk mín þrír fulltrúar frá Einka-leyfastofunni.

Yfirskrift þessarar ráðstefnu eða fundar var auðkennaréttur í Evrópu. Í tilkynningu þar sem ráðstefnan var auglýst var upplýst að framkvæmd á þessu sviði kæmi nú í auknum mæli frá Evrópudómstólum og OHIM. OHIM stendur fyrir Office for Harmonization in the Internal Market (Trade Marks and Designs). Auðkennaréttur norrænu landanna er í auknum mæli túlkaður til samræmis við niðurstöður Evrópudómstólsins eins og við mátti búast. Þess vegna var ákveðið að halda þessa ráðstefnu til að upplýsa um það nýjasta sem er á döfinni á þessu sviði í Evrópu og um áhrif þess á norræna löggjöf og þróun réttarins á þessu tiltekna sviði.

Á þessari ráðstefnu vour fluttir áhugaverðir fyrirlestrar og fram-



*Magnús H. Magnússon brl.*

-----  
*... framkvæmd á þessu sviði kæmi nú í auknum mæli frá Evrópudómstólum og OHIM.*

-----  
sögumenn voru margir af fremstu sérfræðingum Norðurlanda á sviði auðkennaréttar. Fyrstur talaði Per Carlsson og fór hann yfir réttarstöðuna eins og hún er á Norðurlöndunum á sviði auðkennaréttar. Hann rakti í örstuttu máli setningu vörumerkjalaga á Norðurlöndum og hvernig þróunin hefur verið í hverju landi fyrir sig. Gat hann um norrænt samstarf við lagasmíðina og mismunandi sjónarmið sem fram hafa komið.

-----  
*Hennar reynsla var mjög góð af þessu kerfi.*

-----  
Kerstin Sundström dómari sem sæti á í áfrýjunarnefnd OHIM flutti næsta erindi um þróun Evrópu vörumerkisins. Til nánari skýringar skal þess getið að 1. apríl 1996 opnaði OHIM skrifstofan í Alicante á Spáni. Frá og með þeim degi var hægt að sækja um skráningu á Evrópu vörumerkinu hjá þessari stofnun. Þetta skráningarkerfi gerir það

að verkum að unnt er að skrá vörumerki í aðildarlöndum Evrópubandalagsins með einni vörumerkjaumsókn til OHIM skrifstofunnar. Aðferðin hefur í för með sér kosti og galla fyrir vörumerkjaeigendur sem ekki verða raktir hér í stuttu erindi. Auðvelt er að ímynda sér að þessi aðferð getur í mörgum tilvikum haft í för með sér nokkurn sparnað fyrir iðnrekendur í aðildarríkjunum sem vilja vernda vörumerki sín. Í stað þess að þurfa að sækja um landsbundna skráningu vörumerkis í hverju landi fyrir sig er nú unnt að leggja inn eina umsókn.

Hægt er að áfrýja ákvörðunum OHIM skrifstofunnar til sérstakrar áfrýjunarnefndar og niðurstöðum hennar til dómstóls á fyrsta dómstigi og að lokum niðurstöðu þess dómstóls til Evrópudómstólsins. Kerstin Sundström rakti í máli sínu þróun Evrópu vörumerkisins og upplýsti um kosti og þá hnökra sem hefðu komi upp frá því að kerfið var sett á stofn.

Þegar hún hafði lokið máli sínu töluðu fulltrúar atvinnulífsins sem höfðu nýtt sér Evrópu vörumerkið og sögðu frá reynslu sinni af því kerfi. Fyrst talaði danskur lögfræðingur sem er starfsmaður LEGO í Danmörku. Hún sagði að fyrirtækið hefði verið mjög lengi að taka ákvörðun um það hvort skrá ætti vörumerki fyrirtækisins Evrópu-skráningu. Að lokum hefði verið tekin sú ákvörðun að skrá merkin hjá OHIM skrifstofunni. Hennar reynsla var mjög góð af þessu kerfi. Hún taldi þó að ef hún ætti að setja eitthvað út á kerfið þá væri það einkum sá langi tími sem liður frá umsókn um skráningu merkis og þangað til ákvörðun um skráningu liggur fyrir. Aðspurð sagði hún það hins vegar vera stefnu fyrirtækisins að ef það væri með

mjög mikilvægt merki sem það vildi fá skráð eins fljótt og hægt er af einhverjum ákveðnum markaðs- aðstæðum t.d. eins og þeim að aðrir væru farnir að nota líkt merki að þá léti fyrirtækið skrá slíkt merki landsbundinni skráningu í viðkomandi landi til þess að fá fljótt úr því skorið hvort merkið yrði skráð eða ekki.

Þegar hún hafði lokið máli sínu steig á stökk fulltrúi NOKIA í Finnlandi sem hafði svipaða sögu að segja frá sínu fyrirtæki. Hann lagði þó mjög mikla áherslu á það að tíminn frá umsókn hjá OHIM og til skráningar væri allt of langur. Nefndi hann dæmi máli sínu til stuðnings og sagði að það hefði í einhverju tilvikum tekið yfir 2 ár að fá merki skráð. Hann sagði það vera stefnu síns fyrirtækis að reyna að leita samninga við aðila ef vanda- mál kæmu upp í einhverju Evrópu- landi í kjölfar umsóknar um skrá- ingu vörumerkis hjá OHIM frekar heldur en að láta skrifstofuna úr- skurða því að þannig sparast mjög mikill tími í ferlinu.

Þegar þessu lauk var komið að spurningum og athugasemdum. Var einkum spurt um ástæður þess hversu langan tíma ferlið tæki hjá OHIM skrifstofunni og fleiri praktískar spurningar varðandi umsóknir til skrifstofunnar voru bornar fram. Í svörum kom fram að í upphafi var ekki gert ráð fyrir öllum þeim fjölda umsókna sem raun varð á. Það má nefna það hér að í fyrsta mánuðinum komu jafn- margar umsóknir um skráningu og gert hafði verið ráð fyrir að kæmu fram að áramótum það ár.

Næstur á mælendaskrá var starfsmaður dönsku einkaleyfastof- unnar Kontorchef Knud Wallberg. Hann fjallaði um hið nýja danska kerfi sem gerir kleift að sækja um skráningu á vörumerki vélrænt (um netið) og upplýsingar um vörumerkjaskráningar á netinu og takmarkaðri rannsókn dönsku einkaleyfastofunnar á skráningar- hæfni vörumerkja en áður tíðkað- ist. Fyrst lýsti hann ástæðum þess hvers vegna danska einkaleyfastof-

an rannsakar ekki sjálfstætt hvort umsókn um vörumerki felur í sér hættu á ruglingi við annað skráð vörumerki eða firmanafn. Þarna gætir áhrifa frá Evrópu vörumerki- nu þar sem að þar á sér ekki stað slík rannsókn. Þriðji aðili eins og

-----

*Þarna gætir áhrifa  
frá Evrópu  
vörumerkinu...*

-----

eigandi eldri réttinda verður sjálfur að sjá um að gæta sinna hagsmuna og andmæla skráningu vörumerkis ef hann telur vera ruglingshættu á milli síns merkis og þess sem sótt er um skráningu á. Hið opinbera sér ekki lengur um að gæta hans hagsmuna eins og gert er hér á Einkaleyfastofunni. Hins vegar hafa eigendur skráðra vörumerkja góða möguleika á því að fylgjast með skráðum dönskum vörumerkjum með því að fylgjast með skráðum vörumerkjum á heima- síðu dönsku einkaleyfastofunnar þar sem birt eru nýskráð vörumerki. Þá bjóða einkafyrirtæki upp á þá þjónustu víða um heim að fylgjast með skráningu vörumerkja eins og t.d. í Danmörku. Þá upplýsti hann einnig að danska einka- leyfastofan byði upp á slíka þjón- ustu fyrir vörumerkjaeigendur. Danska einkaleyfastofan býður þá upp á þessa þjónustu í samkeppni við einkaaðila.

Því næst var boðið upp á sænsk- an hádegisverð í veitingasal flug- stöðvarinnar, enda ágætt að melta þessar upplýsingar með málsverði.

Eftir hádegisverð talaði fyrst pro- fessor, dr. jur. Marianne Levin og varðaði erindi hennar ruglings- hættu og vernd þekktra merkja samkvæmt framkvæmd Evrópu- dómstólsins. Rakti hún ruglings- hættumat Evrópudómstólsins með tilvísun til dóma dómstólsins og taldi að áhrifa hans gætti í fram- kvæmd við mat á ruglingshættu á norðurlöndum og m.a. í Dan- mörku.

Þá talaði dr. jur. Mogens Kokt- vedgaard um samhliða innflutning og tæmingu réttinda í Evrópu- bandalaginu og Evrópska efna- hagssvæðinu. Hann rakti nokkra dóma máli sínu til stuðnings. Hann lagði áherslu á að „Silhouette“ dómur Evrópudómstólsins væri mjög stefnumarkandi og þýðingar- mikill í þessu sambandi.

Því næst talaði Karen Dyekjær Hansen um sambærilegt efni og þá sérstaklega með tilliti til lyfja. Að lokum talaði Dr. Annette Kur frá Max Planck Institute, München um efnid vörumerki og netið. Var það mjög fróðlegt erindi sem ekki verður hægt að rekja þessari frá- sögn en hún vakti athygli á því hvað WIPO er að gera í þessu sam- bandi og benti mönnum á 90 blað- síður sem hefðu að geyma tillögur frá stofnuninni á slóð á vefnum sem er <http://wipo2.wipo.int>

Velta má fyrir sér gagnsemi þess að sækja fundi sem þessa. Hægt er að færa fyrir því rök að efni slíkra funda fari stundum fyrir ofan garð og neðan hjá fundargestum þar sem fyrirlestrar eru misvel undir- búnir og fram settir. Hins vegar verð ég að segja fyrir mig að við á okkar skrifstofu sækjum tvær til þrjár ráðstefnur á ári hverju á þessu sviði réttarins og safnast þegar saman kemur. Auk þess er hollt og gott fyrir okkur Íslendinga að sjá að erlendir starfsbræður og - systur okkar eru oft að glíma við nákvæmlega sömu vandamál og við. Það sem skilur að er hins vegar fjöldi tilvika hjá þeim og fjöl- breyttari framkvæmd.

[www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

# Strassborgarbréf

Leifsstöð 28. mars 1999 kl. 23.50.

Kæri ritstjóri.

Þú baðst mig um að segja þér hvað á daga okkar hefði drifið þarna út í Strassborg. En fyrst verð ég að segja að ég hef aldrei á ævi minni orðið jafn hissa og þegar ég kom auga á ferðatöskuna á færibandinu á leið minni í gegnum tollinn. Ég var nefnilega svo viss um að hún hefði ekki orðið samferða mér að ég tók ekkert þátt færibandasamkomunni sem myndaðist eins og alltaf þegar farþegar eru búnir að kaupa tollinn og nokkur kíló af súkkulaði sem samt er löngu búið að leyfa að selja annars staðar á landinu. Taskan var að vísu nokkuð þvæld en engum getur komið það á óvart á eftir allt það sem hún hafði gengið í gegnum.

Við lögðum af stað síðasta miðvikudag árla morguns eins og fræknum, fróðleikþyrstum ferðalöngum sæmir. Við höfum verið svona kvart hundrad, þ.e. lögmenn og makar. Ferðinni var heitið til Strassborgar til að kynna Mannréttindadómstól Evrópu og Evrópuráðinu af eigin raun og auðvitað að kynna okkur fyrir helstu máttarstólpunum og ráðamönnum þarna úti.

Við stoppuðum fyrst í Amsterdam. Fyrirfram var ljóst að ferðalangar hefðu fjórar klukkustundir til að kynna sér það markverðasta þar, Rauða hverfið, Heineken eða túlípanalauka sem voru seldir í þúsundavís á flugvellinum. Skemmst er frá því að segja ekki voru margir túlípanalaukar keyptir í þetta sinn. Annað átti hug flestra í hópnum.

Þegar kom að því að ganga skyldi um borð í relluna til Strassborgar kom í ljós að henni hafði seinkað eitthvað. Starfsmenn flugfélagsins lögðu metnað sinn í að engar upplýsingar um seinkun eða

-----  
*Starfsmenn flugfélagsins  
lögðu metnað sinn í að  
engar upplýsingar um  
seinkun eða fyrirhugaða  
brottför bærust út.*  
-----

fyrirhugaða brottför bærust út. Svo kom að því að óskað var eftir að einhverjir fjórir fóruðu sér og yrðu eftir þar sem vélin væri yfirbókuð. Einhver stakk upp á að formaðurinn myndi verða eftir og koma með næstu vél. Hafnaði formaðurinn því enda einungis 300 gyllini í boði fyrir að verða eftir. Svo þýðir ekkert að vera með höfuðlausan her. Eftir nokkuð langa 20 mínútna bið var lokst kveikt á „instappen“ merkinu á skjánum. Við vonuðum að það þýddi „boarding“ á hollensku. Við höldum út í rútu sem ók með okkur út að flugvélinni (þegar við sáum stærðina á farkostinum ályktuðum við að „instappen“ merkti eitthvað frekar í ætt við beina íslenska þýðingu en „boarding“) og aftur til baka að flugstöðinni okkur alveg að kostnaðarlausu. Þar var sagt að einhver

bið yrði enn. Þegar hópurinn kom upp á stigapallinn í biðsalnum var hins vegar tilkynnt um brottför. Við komumst þó til Strassborgar um kvöldið og slatti af farangri einnig.

Fóru þá í hönd tveir dagar fróðlegra, áhugaverðra og skemmtilegra fyrirlestra, kynninga og umræðna um Mannréttindasáttmálan, Mannréttindadómstólinn og Evrópuráðið. Verður þeim að sjálf-sögðu ekki gerð nánari skil hér enda myndu hinir fræknu ferðalangar þá missa það gífurlega forskot sem þeir hafa nú á þessu sviði.

Sérstaklega vorum við þó ánægð með að mannréttindanefndin hafði komist að því að tyrknesk stjórnvöld hefðu brotið á borgara ríkisins og fengum við því tækifæri til að fylgjast með mállutningi fyrir Mannréttindadómstól Evrópu á fimmtudagsmorgninum.

Á föstudagskvöldið fór svo hópurinn saman út að borða eftir að hafa verið í móttöku hjá Sveini Björnssyni sendiherra fastanefndar Íslands hjá Evrópuráðinu. Okkur fannst við vera voðalega skemmtileg en hvort að öllum öðrum fannst það læt ég ósagt. Ónefndur hæstaréttarlögmaður ákvað að tala

## Útleiga á fundarsal

Lögmenn geta fengið leigðan fundarsal á jarðhæð í húsnæði félagsins fyrir t.d. skiptafundi, gerðardómsmál o.fl.

Salurinn rúmar u.þ.b. 20-25 manns ef setið er við borð en annars eru sæti fyrir um 35-40 manns.

Leiguverðið er 2.000 krónur fyrir klukkustundina auk virðisaukaskatts.

Innifalið er kaffi.

Tekið er við pöntunum á skrifstofu L.M.F.Í.  
í síma 568-5620.

bara móðurmálið og virtust þjónarnir bara skilja það nokkuð vel, jafnvel betur en frönskuna hjá okkur hinum. Sá hinn sami mun víst hafa brugðið út af vananum á laugardagskvöldið þegar hann söng Mannréttindasáttmálann á ensku á karóki bar þegar hann taldi brotið á friðhelgi einkalífsins. En svo að ég segi meira frá föstudagskvöldinu þá voru að sjálf-sögðu ræðuhöld og töluðu sumir oftast en aðrir enda málfrelsið ekki takmarkað við fyrri og seinni ræðu að þessu sinni. Að sjálf-sögðu var haldið áfram að ræða málin fram undir morgun og gera nákvæma úttekt á skemmtistöðum borgarinnar og því sem þeir höfðu upp á að bjóða.

Eitthvað dreifðist hópurinn um Evrópu í kjölfar þessa. Nokkrir voru þó í Strassborg fram á sunnudag og ætluðu þá heim. Ferðin heim gekk bara nokkuð vel. Að vísu var titringur í því fólki sem átti að fara til Íslands um kvöldið þar sem ferðinni var fyrst heitið til Amsterdam svo til London og svo hingað til Keflavíkur. Flugmaðurinn sem átti að fljúga með okkur til Amsterdam gleymdi nefnilega að breytt hafði verið yfir í sumartíma þá um nóttina og neitaði að fljúga þar sem hann hefði ekki fengið næga hvíld. Verkalýðslögmaðurinn í hópnum taldi það hinn mesta óþarfa og eftir mikinn mállutning tókst honum að fá vinnupíndan flugmanninn til að fljúga með okkur til Amsterdam enda orðið nokkuð tæpt á því að við myndum ná flugvélinni þaðan til London. Það skal tekið fram til sönnunar hversu mikið lögmaðurinn lagði sig fram að starfsmenn flugfélagsins sáu sér ekki annað fært en að fylgja honum fagnandi alla leið að flugvélar-dyrum og kveðja hann þar með virtum. Í Amsterdam náðum við svo nokkuð góðum tímum í 4x100 metra hlaupi en við höfðum 7 mínútur til að ná næstu flugvél. Það tókst og þess vegna sit ég hér í Leifsstöð og hripa þetta niður.

*Bestu kveðjur,  
einn af ferðalöngunum*

# Rökstuðningur málskostnaðarkröfu

Í umsögn lögmannafélagsins um frumvarp að breytingum á lögum um meðferð opinberra mála lagði félagið eftirfarandi til:

*...Leggur Lögmannafélagið til að 13. gr. frumvarpsins verði breytt á þá leið að á eftir 1. ml. 1. mgr. komi eftirfarandi málsliður:*

„Skal þóknun ákveðin á grundvelli rökstuddrar kröfu verjanda, sem skal byggjast á sannanlegu og eðlilegu vinnuframlagi hans.“

Ekki hafði félagið erindi sem erfiði í þessari tillögugerð. Hins vegar er ótvírætt að lögmenn ættu að hafa tillögu þessa í huga þegar þeir setja fram kröfur um málskostnað í málum af þessu tagi. Ef dómari stendur frammi fyrir málskostnaðarkröfu sem byggist á eðlilegum sundurliðuðum tímafjölda og með tímagjaldi sem er ekki bersýnilega fráleitt þá er alltént búið að stilla honum frammi fyrir því álítaefni hvort málskostnaðarkrafan á rétt á sér eða ekki. Hann hefur ekki frjálsar hendur til að dæma þetta að álitum, eftir því hvort hann kom bílnum í gang þann morgun eða ekki.

## Um hrl. próf

Ein af þeim breytingum sem orðin er á öflun málflytningarréttinda fyrir Hæstarétti skv. núgildandi lögum er að Hæstiréttur lætur ekki nægja að staðfesta það munnlega að menn hafi staðist prófraunina. Nú gerir rétturinn það skriflega og lætur þess getið ef eitthvað hefur farið úrskæðis hjá prófmanninum.

## Reglur um notkun merkis Lögmannafélags Íslands

Stjórn Lögmannafélagsins vinnur nú að samningu reglna um notkun á merki félagsins með það markmið að leiðarljósi að merkið verði hvorki ofnotað né misnotað.

Reglur þessar eru ekki tilbúnar enn og því eðlilega ekki hægt að birta þær að svo stöddu en ljóst er af þeim drögum sem unnið er með að merkinu er ætlað viðamikil hlutverk. Því er ætlað að vera hluti af ímynd félagsins og lögmannastéttarinnar inn og út á við, stuðla að félagslegri sameiningu stéttarinnar og vera tákni um fagleg vinnubrögð og góða lögmannshætti. Öðrum en félaginu, félagsdeildinni og lög-mönnum er óheimilt að nota merkið.

Þá er uppi hugmynd um að heimila félagsdeildinni að láta framleiða vörur með merkinu svo sem barmmerki, bindisnælur, borðfána, penna og þess háttar og hafa af því fjárhagslegan ágóða.

Nánar verður fjallað um reglurnar þegar þær eru tilbúnar.





## HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS



# Heimasíða Hæstaréttar

## [www.haestirettur.is](http://www.haestirettur.is)

**E**inhver þarfasta viðbótin í heimasíðusafn þessa lands birtist á tölvuskjám nú í ársbyrjun er Hæstiréttur Íslands hleypti heimasíðu sinni af stokkunum. Rétt er að óska Hæstarétti til hamingju með þessa síðu. Fyrir utan lýðræðislegt gildi hennar í stórbættum aðgangi alls almennings að dómum réttarins þá léttir heimasíðan lögmönnum störf þeirra geysilega. Þeir allra áhugasömustu geta slegið því á frest að fara heim í kvöldmatinn á fimmtudögum og rennt í gegnum dómanna sem kveðnir voru upp þann daginn. Ekki bara dóm Hæstaréttar, sem oft segir ekki mikið efnislega um málið, heldur líka dóm héraðsdóms sem birtur er með. Svo geta menn prentað dómanna út og farið með þá heim og sýnt maka sínum til sannindamerkis um að þeir hafi verið í fræðistörfum en ekki á einhverjum slæpingi þegar þeir áttu að vera heima að borða soðninguna.

Heimasíðan hefur enn fremur að geyma fleiri nýtsamar upplýsingar eins og til dæmis málaskrá dómstólsins fram í tímann og eins hvenær ráðgert er að

kveða upp dóma í fluttum málum. Á móti kemur að dómstóllinn hefur aflagt þann sið að hringja í lögmenn til að aðvara þá um dómsuppkvaðningar. Nú sendir hann hins vegar fax með lista yfir allar dómskvaðningar til þeirra sem eiga mál sem dæmd verða þann daginn.

Þá geymir heimasíðan ýmsar tölulegar upplýsingar sem eru mjög fróðlegar eins og til dæmis upplýsingar um flutt einkamál og opinber mál á liðnum árum, skiptingu þeirra og hvort dómstóllinn breytti niðurstöðu héraðsdóms.

Sökum ungs aldurs er heimasíðan augljóslega enn í vinnslu. Þannig koma engar upplýsingar fram undir sumum fyrirsögnunum en þau fyrirheit sem felast í fyrirsögnunum lofa góðu. Leitarkerfi heimasíðunnar hefur ekki enn verið tekið í gagnið með þeim rökum að dómarnir séu enn ekki orðnir svo margir. Mjög fer að styttest í að það verði tímabært.

Ekki er heldur úr vegi að geta þess að hvað útlit og aðgengi upplýsinga snertir er þessi heimasíða meðal þess sem best gerist.

# Á kaffistofunni

Eins og alkunna er þá eru lögmennt ekki eftirbátar annarra starfsstétta í kaffistofuumræðum og vantar ekkert upp á lausnir á aðskiljanlegustu vandamálum þjóðlífsins á slíkum stundum, að ekki sé minnst á leiftrandi málflytning. Ritstjórn Lögmannablaðsins á erindi á margar slíkar kaffistofur og leggur oft við hlustir. Hér skal minnst á þau málefni sem að lögmönnum og Lögmannafélaginu snúa.

## **Peningar Ábyrgðarsjóðs lögmanna**

Í eyru ritstjóra var hnussað yfir

-----  
*Styrkja þá sem einhverra hluta vegna væru órétti beittir ...*  
-----

Því að samþykkt hefði verið á aðalfundi félagsins að það sjálft ætlaði að gína yfir helmingi fjár Ábyrgðarsjóðs. Sjóður þessi hefði ekki verið settur á laggirnar félaginu til dýrðar, nema óbeint. Honum hefði verið ætlað að bæta orðspor lögmanna í hugum almennings með því að tekinn væri

ábyrgð á gerðum félagsmanna sem ekki hefðu sést fyrir og valdið skjólstæðingum sínum tjóni.

Nærtækara væri því á þessum tímamótum, þegar sjóðurinn væri orðinn næsta óþarfur, að nýta þessa fjármuni í sama skyni þ.e. að láta gott af sér leiða fyrir almennung. Styrkja þá sem einhverra hluta vegna væru órétti beittir, t.d. fengi ekki gjafsókn þrátt fyrir fulla þörf á því annað hvort vegna tekjuleysis eða mikilvægis málsstaðarins fyrir þjóðfélagið allt. Sjóðurinn yrði þannig nýttur í pro bono skyni. Slíkt væri til þess fallið að auka veg lögmannaáttarinnar meðal al-

## Groa@leiti.is

Enn er Gróa sóm við sig. Sífelld á irkinu og með eyrað við ef eitthvað skyldi bera markvert til tíðinda.

### **Efni: ríkislömmi.**

Sæl. Alveg er það nú merkilegt hvað fólk getur slúðrað. Þú ferð ekki með það lengra en það gekk bara fjöllum hærra að Hjörleifur Kvaran yrði síðasti flóttamaðurinn úr Ráðhúsinu. Það hefur nú svo sem sést undir iljarnar á sjálfstæðisþiltunum undan ofríki Ingibjargar og hinna kvensnanna. Svona getur slúðrið verið vitlaust. Hjörleifur lætur ekki nokkrar kvensur skelfa sig, honum var víst boðið starfið en situr bara sem fastast, gott hjá honum. Hann er víst líka miklu sælli í launum þar en kolleginn á Hverfisgötunni.

Kveðja, Gróa.

### **Efni: rsk-flótti**

Hæ. Ég var að heyra að það væri aldeilis flótti frá ríkisskattstjóra núna. Síðan Garðar hætti eru minnsta kosti fjórir lögfræðingar hættir hjá ríkisskatta og flestir streymt inn á endurskoðendaskrifstofur með skritnum útlenskum nöfnum, Vala vaskur meira að segja. Guðrún Brynleifsdóttir held ég bara að sé sú eina sem er ekki farinn á einhverja endurskoðunarstofuna með útlensku nafni, sem minnir mest á hreinlætistækki. Hún er víst kominn til Ásgeirs Thor og co hjá Lögheimtuskrifstofu Reykjavíkur.

Kveðja, Gróa.

### **Efni: veisluhöld.**

Þú ferð ekki með það lengra en ég var að heyra að það væri eins gott að passa sig á þessum veislum sem menn

halda þegar þeir fá dómaraembætti. Það lá víst einn lögmáður slasaður í valnum og bótamálin í uppsiglingu eftir síðasta teiti. Það er aldeilis tekið á því. Mér skilst að löggunni, sem flutti slasaða á brott, hafi ekki leiðst þessi vettvangsrannsóknin, innan um þrúðbúna dómara. Hvernig ætli maður fari að því að komast í svona veislur, endilega láttu mig vita þegar sú næsta verður haldin, hver veit nema ég detti þar inn fyrir tilviljun, t.d. af því að mig vanti sykur eða eitthvað.

Kveðja, Gróa.

### **Efni: Árshátíðin.**

Hæ. Hann var ansi kátur einn kolleginn á árshátíðinni, þú hefðir átt að sjá. Hleypt einum að heiman og ekki að því að spyrja, sopið drjúgt. Annars var hann ekki leiðinlegur. Bara töluvert krútt með krullurnar, eins og Groucho Marx, talandi hátt og hlæjandi enn hærra sínum gjallandi hlátri. Svo skemmtum við hin okkur við orðahníppingar hans um pólitík við heiðursgestinn. Hann varð nú að játa sig sigraðan þar, hafði ekki roð við Ingibjörgu í þeirri glímu með Bakkus sem meðreiðarsvein.

### **Efni: Strassborgarferðin.**

Blessuð. Þeir halda víst sumir að þeir megi allt um leið og þeir stíga um borð í flugvél. Rólyndustu menn breytast í drykkjusvola og perra. Ferðin var jú annars ansi hreint göð en einn lögmáðurinn í ferðinni. Alveg svaka-legur. Mátti bara ekki pils sjá án þess að máta innihaldið með augunum og lýsingarnar, drottinn minn! Nei má ég þá biðja um rólyndu útgáfuna sem maður hittir við fyrirtökurnar hjá fógeta.

mennings. Félagið hefði næga aðra auru til að lúra á eins og ormur á gulli.

### **Háskólaprófessorsmálið**

Þá heyrðist minnst á það að félagið virtist hafa misst algerlega af aðalatriðinu í máli sínu við lagaprófessorana. Það að einhver nýtti tölvudótið í Háskólanum, faxið og skrifstofustól, ásamt smá pappír sem ríkið hefði keypt, væri alls ekki aðalatriðið í óeðlilegri samkeppnisstöðu þessara aðila gagnvart lögmonnum.

Aðalatriðið væri að sjálfsgöðu það að prófessorarnir skila þessum álitserðum og verkefnum sem þeir vinna að utan starfs síns í nafni síns embættis. Þeir kenndu sig við starfstítl sinn. Það væri ekki þannig að þeir undirrituðu þetta með nafni sínu og menntun og heimilisfangi upp í Breiðholti t.d., heldur stæði starfstíttillinn við nafnið og í grófstu tilvikum á bréfsefni Háskólans. Með þessu væru prófessorarnir að hagnýta sér þá aðstöðu sína að sinna opinberu embætti, sjálfum sér til dýrðar án þess tilkostnaðar sem samkeppnisáðilar þeirra, lögmennt, byggju við. Þetta væri aðalatriðið en ekki það hvort álitserðin væri unnin sitjandi í skrifstofustól í ríkiseign eða ofan á þurkararum í þvottahúsinu heima. Lögmannafélagið hefði átt að beina því til samkeppnisyfirvalda að kanna þetta. Fróðlegt hefði verið að sjá hver niðurstaðan hefði orðið þá.

### **Greiddur málskostnaður**

Á einni kaffistofunni var á það minnst að sérkennilegt væri að félagið væri að kaupa lögmennt til að gæta hagsmuna sinna fyrir dómstólum og yfirvöldum. Lögmonnum ætti að vera það félagsleg skylda að taka slík mál að sér án endurgjalds. Þeir eru hvort sem er að vinna að eigin hagsmunum auk þess sem ýmsir aðrir lögmennt leggja á sig ómældu vinnu fyrir félagið án þess að fá krónu fyrir t.d. við stjórnarstörf.

# **Lögmennsréttindi opinberra starfsmanna**

Eins og kunnugt er hefur töluverður fjöldi opinberra starfsmanna, fólks sem starfar á sýslumannsembættunum og ráðuneytunum, svo dæmi séu tekin, fengið útgefin málflytningsleyfi í krafti eldri laga. Sá háttur var hafður á að dómsmálaráðuneytið gaf út leyfin og varðveitti þau síðan á meðan svo stæði á að viðkomandi gengdi starfi sem ekki væri samrýmanlegt lögmennsstörfum. Þessi háttur var hafður á í krafti reglugerðar sem gilt hafði frá öndverðum áttunda áratuginum.

Nú hafa nýju lögmennalögin tekið gildi og nefnd reglugerð fallin úr gildi þar sem hún styðst ekki lengur við lög. Nýju lögin kveða svo á um skyldu til að hafa opna starfsstofu, hafa fjárvörslureikninga og gilda starfsábyrgðartryggingu. Þeir sem ekki fullnægi þessum skilyrðum verða að sækja um undanþágu til Lögmannafélagsins og fullnægja einhverju af þremur tilgreindum skilyrðum í 2. mgr. 12. gr. laganna. Undanþáguákvæðið sem helst reynir á varðandi opinbera starfsmenn er eftirfarandi:

*Lögmaður getur sótt um undanþágu til Lögmannafélags Íslands frá þeim skyldum sem um ræðir í 1. mgr. á meðan bann:*

*1. gegnir föstu starfi hjá opinberri stofnun eða einkaaðila, enda veiti hann engum öðrum þjónustu sem lögmaður;*

Þær munnmælasögur hafa borist úr ráðuneyti dómsmála að það líti nú svo á að allir opinberir starfsmenn sem hafi áunnið sér lögmennsréttindi í gildistíð eldri laga, aðrir en dómarrar, geti nú fengið útgefið málflytningsleyfi. Ef rétt er virðist ráðuneytið telja sig þess umkomið að líta fram hjá 15. gr. lögmennalaganna, sem felur það í sér að taki lögmaður við op-

inberu starfi sem dómsmálaráðherra telji ósamrýmanlegt handhöfn málflytningsréttinda beri að fella réttindin niður. Það er kannski skoðun ráðuneytisins að nú séu engin störf, önnur en dómarrastörf ósamrýmanleg.

Þá sýnast nokkrar spurningar rísa upp. Hvað breyttist? Af hverju eru opinber störf ekki lengur ósamrýmanleg? Ætli þessir starfsmenn hafi í hyggju að koma sér upp lögmennsstofu, stofna fjárvörslureikninga og kaupa sér starfsábyrgðartryggingar? Eða er hugmyndin kannski sú hjá ráðuneytinu, líkt og landsstjóra einum hér fyrir á öldum, að þvo hendur sínar af vandamálinu og láta Lögmannafélaginu það verk eftir að mælast fyrir um að þessir áðilar verði sviptir málflytningsréttindum sínum. Svo er þriðji möguleikinn sá að hvert ráðuneyti fyrir sig og hvert sýslumannsembætti fyrir sig ætli að fara að gefa út í stórum stíl samþykki fyrir því að starfsmenn þeirra sinni lögmennsþjónustu fyrir viðkomandi, svo fullnægt sé skilyrði 3. mgr. 12. gr. lögmennalaganna.

Eðlilega er þessum starfsmönnum, sárt að sjá á bak stjórnskrávarinna atvinnuréttinda. Vart sýnist hins vegar að lausnin felist í því að afneita því að vandi sé á ferðum. Og ætla þar með Lögmannafélaginu að vera boðbera hinna válegu tíðinda.

Vonandi finnst farsæl lausn á máli þessu og vonandi beitir dómsmálaráðuneytið sér fyrir henni. Alltént er það lítt geðþekkt hlutskipti fyrir Lögmannafélagið að vera Þrándur í Götu þessa fólks. Mun nærtækara sýnist að ríkisvaldið beiti sér fyrir að leysa vanda sinna eigin starfsmanna en að Lögmannafélaginu sé ætlað það hlutverk að hafa réttindin af þeim.

# Lesendabréf um peningaþvætti

**M**ér rennur blóðið til skyldunnar að leggja orð í belg vegna umræðunnar sem átt hefur sér stað að undanfögnu á síðum Lögmannablaðsins um aðgerðir gegn peningaþvætti og þagnarskyldu lögmannna. Ég átti nefnilega þátt í að undirbúa frumvarp að lögum nr. 80/1993 um aðgerðir gegn peningaþvætti (sem byggjast að meginefni til á tilskipun Evrópusambandsins um sama efni vegna þátttöku Íslands í evrópska efnahagssvæðinu) og sat í Financial Action Task Force on Money Laundering (FATF, sem starfar í skjóli OECD) fyrir Íslands hönd á árunum 1990 til 1995. Þá þegar var hafin umræða um hvort láta ætti skylduna til að tilkynna um grunsamlegt athæfi ná til lögmannna en af tilliti til hinnar ríku trúnaðarskyldu þeirra var fallið frá því að sinni.

Síðan löggin voru sett eru liðin nærri 6 ár. Meginsjónarmiðin um trúnaðarskyldu lögmannna hafa ekki breyst í verulegum atriðum en þekking manna á aðferðum skipulagðra glæpasamtaka við að þvættta illa fengið fé eykst sífellt. Þann 10. mars sl. voru samþykkt lög til breytinga á lögum nr. 80/1993, sem víkkaði út gildissvið þeirra, þannig að þau nái m.a. til einstaklinga og lögaðila, þ.á.m. lögmannna, sem taka að sér nánar tiltekin viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini.

Íslenski löggjafinn hefur valið þá leið að setja ákvæði sem er hlutlaust með tilliti til starfsstétta en lýsir þess í stað ákveðnum viðskiptum. Hins vegar leggur framkvæmdastjórn ESB til, í nýjum drögum að frumvarpi til breytingar á tilskipun ESB um aðgerðir gegn peningaþvætti, að lögð verði skylda á tilteknar starfsstétir, þ.á m. sjálfstætt starfandi lögmenn, að



*Unnur Gunnarsdóttir lögfr.*

veita þar til bærum yfirvöldum upplýsingar vakni með þeim grunnur um peningaþvætti. Í drögunum er jafnframt lagt til að upplýsingaskylda lögmanns nái ekki til þess þegar hann kemur fram fyrir hönd skjólstæðings í dómsmáli eða ef hann er einvörðungu í ráðgefandi hlutverki. Geta má þess að í hönd fer tími umræða og skoðana-skipta meðal aðildarríkja Evrópusambandsins (fyrst á vettvangi framkvæmdarstjórnarinnar og síðan ráðherraráðsins og Evrópuþingsins) um þessi nýju drög að tilskipun og EFTA ríkin sem eru aðilar að EES samningnum geta einnig komið skoðunum sínum á framfæri.

-----

*Íslenski löggjafinn hefur valið þá leið að setja ákvæði sem er hlutlaust með tilliti til starfsstétta en lýsir þess í stað ákveðnum viðskiptum.*

-----

Í fyllingu tímans, þ.e. þegar breyting á tilskipuninni hefur verið samþykkt og hún síðan tekin inn í EES samninginn, munu íslensk stjórnvöld og löggjafinn þurfa að endurskoða peningaþvættislögin að nýju til að gæta samræmis við önnur EES/ESB ríki.

Hugsjón FATF í upphafi var að stemma stigu við þvætti á peningum sem höfðu fengist í viðskiptum með eiturlyf. Rökin voru að þeir sem stunduðu ræktun, sölu og ýmsa milliliðastarfsemi á ólöglegum ávana- og fikniefnum gerðu það af gróðafíkn og þar sem líf og heilsa fjölmargra, einkum ungs fólks, væri að veði bæri þjóðum heims að taka höndum saman við að gera glæpahringum sem erfiðast fyrir að njóta ágóðans. Áherslan á samvinnu þjóða var vegna þess eðlis eiturlyfjaverslunar að hún teygir anga sína víða um lönd. Þetta hefur einnig orðið til þess að endurskoðaðar hafa verið reglur um samstarf löggæsluaðila á milli landa við leit og hald á munum, eignaupptöku og upplýsingagjöf. Þá hefur bankaleynd verið aflétt að hluta. Þróunin hefur síðan orðið sú að binda ekki baráttuna gegn peningaþvætti við að frumbrotið sé tengt ávana- og fikniefnum heldur víkka út skilgreininguna á frumbrotinu til allra alvarlegra afbrota. Reynslan sýndi að skipulagðir glæpahringir stunduðu mörg önnur alvarleg afbrot, s.s. hvíta þrælasölu.

En hvað kemur þetta lögmönnum við?

Þæmi um að lögmenn séu misnotaðir til að villa um fyrir yfirvöldum, sem rannsaka peningaþvætti, er að þeir taki að sér að stofna bankareikning í sínu eigin nafni til afnota fyrir skjólstæðing. Skjólstæðingurinn getur þá lagt inn háar fjárhæðir og tekið út án þess að nafn hans sé meðal viðskiptamanna bankans. Þegar tillögur FATF hópsins og síðar efni tilskipunar Evrópusambandsins um aðgerðir gegn peningaþvætti voru kynntar fyrir íslensku viðskiptabönkunum hefði ef til vill mátt ætla að starfsmenn og stjórnendur þeir-

ra brygðust neikvæðir við röskun á hornsteini bankakerfisins, bankaleyndinni. Reyndin varð hins vegar önnur. Íslenskir bankar og aðrar lánastofnanir töldu á sama hátt og erlendar systurstofnanir að það græfi undan heilbrigði fjármála-kerfisins að vera misnotaðar í þágu brotastarfsemi. Vitað er að skipulagðir glæpahringir eru vel að sér um hvaða lög og reglur gilda um upprætingu þeirra og þegar þeir þurfa að vera á varðbergi í bankakerfinu leita þeir til annarra stétta til að aðstoða sig við að villa um fyrir yfirvöldum.

-----

*Dæmi um að lögmenn  
séu misnotaðir til að villa  
um fyrir yfirvöldum, sem  
rannsaka peningabúvætti,  
er að þeir taki að sér að  
stofna bankareikning í  
sínu eigin nafni...*

-----

Við þekkjum öll myndina af mafíuforingjanum í finu fötunum með stóru skartgripina, sem býr í stórri höll, ekur um á glæsibifreiðum og heldur sæta, fína konu. Fyrir nokkrum áratugum létu þeir sér nægja að setja upp almenningsþvottahús (sbr. enskuna: laundromat og money laundering) til að láta líta svo út að þeir gætu lifað slíku kóngalífi af afrakstrinum. Þeir

Bedco & mathiesen 4-litur

Ljósritar, prentar og faxar

eins og ekkert sé.

**OPTIMA**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - sími:588 9000

**nashuatec**



komust meira að segja oft upp með það.

Pvættisaðferðirnar eru vissulega orðnar flóknari nú á tímum, sem hefur leitt til sterks alþjóðasamstarfs, eins og FATF sem fyrr er getið. Í fyrrnefndum drögum að breytingu á tilskipun Evrópusambandsins er lagt til vikka út skylduna til samstarfs við yfirvöld, ekki aðeins til lögmanna og endurskoðenda, heldur einnig til fasteigna- og bíla-sala og þeirra sem höndla með fornmuni og dýra málma. Vanda-málið er að draga mörkin. Áður hafði skyldan verið lögð á spilavíti og happdrætti.

-----

*Geta ekki allir orðið sammála um að það sé ósamrýmanlegt hlutverki verjanda í morðmáli að hann taki að sér að fela líkið?*

-----

Það er nefnilega þekkt aðferð að stunda fjárhættuspil eða kaupa happdrættisvinning og leysa út til að láta líta svo út að peningar í umferð séu löglegir.

Í grein Jakobs Möller, hrl. um þetta málefni í 3. tbl. Lögmanna-bladsins 1998, gengur hann út frá því að lögin nái til þess að menn leiti ráðgjafar lögmanna þegar þeir hyggja á nýjar brautir í viðskiptum. Í mínum huga ná peningapvættis-lögin fremur til þess að lögmenn haldi vöku sinni um hvernig það fé sé tilkomið sem þeir eru beðnir um að höndla með í þágu skjólstæðings. Geta ekki allir orðið sammála um að það sé ósamrýmanlegt hlutverki verjanda í morðmáli að hann taki að sér að fela líkið?

Á sama hátt skal lögmaður ekki taka að sér að villa um fyrir lög-reglu og saksóknara þegar einhver vill þvætta illa fengið fé.

*Skrifað í Brussel, 5. apríl 1999*

## Gjaldskrármál

**L**ögmenn beita ýmsum brögðum til að ná athygli dómstóla á álitaefnum er tengjast málskostnaðarákvörðunum. Ritstjórn barst nýverið til eyrna næsta frumleg aðferð sem beitt hafði verið í málflutningi í Hæstarétti.

Lögmaðurinn sem í hlut átti hafði gert málskostnað í málinu að sérstöku umfjöllunarefni en sakarefni málsins var þess eðlis að málskostnaður gat ekki tekið mið af hagsmunum. Til stuðnings málskostnaðarkröfu sinni, sem byggðist á tímagjaldi vísaði lögmaðurinn til gjaldskrár sem hið opinbera hafði sett tannlæknum gagnvart Tryggingastofnun ríkisins. Vakti hann athygli dómsins á því að þar hafði ríkið einhliða, í mikilli óþökk tannlækna, ákveðið að tímagjaldið skyldi vera 10.000 krónur.

Án þess að Lögmannaþaðinu sé kunnugt um finni þræðina í rök-semdafærslu lögmansins uppskar hann þá viðurkenningu á kröfu sinni í málinu, sem hann vann að hluta, að gagnaðili var dæmdur til að greiða hans umbjóðanda 400.000 krónur „upp í málskostnað“ eins og það er orðað í dómi Hæstaréttar.

## Ó Ó óbyggðarferð

**S**tef þetta úr lagi Ómars Ragnarssonar kemur í hugann er örlög Karls Axelssonar hrl. og samnefndarmanna hans í óbyggðar-nefndinni svonefndu eru gaumgæfð. Miðað við það verkefni nefndarinnar að skera úr um landamerki alls staðar á landinu gagnvart óbyggðum sýnist næsta ljóst að gúmmískórnir og lopapeysan verður ekki síður vinnuföt nefndarmanna á næstu árum eins og jakkinn og bindið. Megi þeim vel ganga, ærinn er starfinn.

## Dómsuppkvaðningar í Hæstarétti

**F**rjá því að yfirfærsludagar voru aflagðir í Hæstarétti á árinu 1994, en dómsuppsaga haldin á síðdegis á fimmtudögum, hefur dómsuppsagan verið eina tilefni lögmanna við réttinn til þess að hittast í Hæstarétti.

Ein afleiðing heimasíðu Hæstaréttar, sem tekin var í gagnið í árs-byrjun, er sú, að þeim lögmönnum hefur fækkað verulega sem eru viðstaddir dómsuppsögu á fimmtudögum, jafnvel þótt þeir eigi mál sem verið er að kveða upp dóm í. Þetta þykir Hæstarétti miður og einnig þeim lögmönnum, sem fastheldnir eru á hefðir. Þykir því rétt að beina því til hæstaréttarlögmanna að vera viðstaddir dómsuppsögu og þá jafnframt, í samræmi við hefð, að skryðast skikkju á meðan dómarnir eru kvaddir upp.

# Norrænt lögfræðingapíng í Ósló

Síðsumars, 18. — 20. ágúst næstkomandi, verður 35. norræna lögfræðingapíngið haldið í Ósló en eins og kunnugt er eru slík píng haldin á þriggja ára fresti til skiptis á Norðurlöndunum. Þetta árið vantar ekkert upp á að mörg áhugaverð umfjöllunarefni verða tekin fyrir á pínginu. Þar á meðal eru fyrirlestrar um samningarétt, refsirétt, Evrópurétt, réttarfar, refsirétt, umhverfisrétt, skattarétt og félagarétt. Eins verður fjallað um lögfræðileg álitaefni tengd notkun Internetsins, tengsl dómstóla og fjölmiðla. Upptalning af þessu tagi er ekki mjög lýsandi en þeir sem vilja kynna sér nánar hvernig dagskrá þingsins er geta nálgast upplýsingar um það hjá Erlu Jónsdóttur hrl. sem er ritari Íslandsdeildar Norrænu lögfræðingapínganna.

Þess má þó og geta að íslenskir lögfræðingar munu leggja sitt af mörkum varðandi ýmis af umfjöllunarefnum. Hjörtur Torfason hæstaréttardómari hefur framsögu um efni sem ber yfirskriftina, „Smaasaksprosess“ og Hrafn Bragason hæstaréttardómari um efnið „Domstolene og media“. Auk þeirra láta aðrir til sín taka: Davíð Þór Björgvinsson, prófessor, Garðar Gíslason hæstaréttardómari, Gestur Jónsson, hæstaréttarlögmaður, Gunnlaugur Claessen, hæstaréttardómari, Hrefna Friðriksdóttir, lögfræðingur, Ragnar Tómas Árnason, héraðsdómslögmaður, Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis og Viðar Már Matthíasson, prófessor. Flestir þekktustu lögfræðinga á hinum Norðurlöndunum munu einnig leggja hönd á plóg.

Píngið hefst að morgni 18. ágúst og lýkur með hátíðarkvöldverði og dansleik í Sonju Henie salnum í Plaza hótelinu í Ósló á föstudagskvöld þann 20. ágúst 1999.

Án nokkurs vafa eru ráðstefnur þessar með merkustu samkomum lögfræðinga sem haldnar eru á Norðurlöndunum og hverjum manni sómi að því að leggja leið sína á þær. Gildi þeirra felst ekki einvörðungu í þeirri yfirlýsningu fræðilegu umfjöllun sem á sér þar stað heldur ekki síður í því að kynnst því hvaða viðhorf eru efst á baugi meðal annarra norrænna stéttarbræðra og systra. Það hefur ætíð þótt bragur að því að sína sig og sjá aðra.

Þátttöku ber að tilkynna fyrir 1. maí nk. til norsku nefndarinnar á eyðublaði sem hægt er að nálgast hjá Erlu Jónsdóttur hrl.

## Þingreglur héraðsdómstóla

U nnið er að nýjum þingreglum. Í þeirri vinnu mun að líkindum verða skerpt á nokkrum atriðum sem venja hefur staðið til, öðrum breytt og enn annað fellt úr.

Líklega mun ekkert verða fjallað um annan fatnað í reglunum en skikkjur. Dómari á alltaf að vera í skikkju og málflytjendur við aðalmeðferð. Ef þetta gengur eftir er þar með búið að nema úr gildi það kynjamisrétti að körlum var ætlað að hafa hálstau skv. eldri reglum en nú geta þeir verið jafn bindislausir og konurnar.

Nánar verður ekki fjallað um þessar reglur að sinni þar sem þær eru ófrágengnar enn.

## Gjaldskrá inn- heimtu- kostnaðar

Í 24. gr. lögmannalaganna er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti, að fenginni umsögn Lögmannafélagsins, gefið út leiðbeiningar um endurgjald sem lögmennt geta áskilið umbjóðendum sínum um úr hendi skuldara vegna kostnaðar við innheimtu fjárkrafna.

Lögmannafélagið vinnur af þessu tilefni að drögum að slíkri gjaldskrá sem fela mun í sér umsögn félagsins. Rétt er fyrir þá félagsmennt sem vilja láta málið til sín taka að kynna sér það hjá félaginu og stjórn þess. Bæði hafa mennt þannig möguleika á að koma skoðunum sínum á framfæri og hafa áhrif á afstöðu félagsins og eins er mjög hollt fyrir stjónina að fá viðhorf félagsmanna til málefnisins áður en það er afgreitt. Ýmis álitaefni eru uppi sem mennt hafa vafalaust mismunandi skoðanir á t.d. hvað er innheimta peningakröfu? Á það einvörðungu við um innheimtu viðskiptabréfskrafna eða er það líka heimta bóta eða vinnulauna. Hvar á að draga mörkin?



Fréttir



Gunnar Baldvinsson,  
forstöðumaður eignastýringar og ALVÍB.

*„Nú getur þú valið! Allir launþegar geta greitt 2% viðbótariðgjald í lífeyrissparnað og lagt inn á séreignarreikning.“*

Lífeyrissparnaður er hagstæðasta leiðin sem býðst til eftirlaunasparnaðar í dag þar sem iðgjöld eru skattfrjálsl og launagreiðandi greiðir iðgjöld á móti iðgjöldum launþega. ALVÍB er fjölmennasti séreignarlífeyrissjóðurinn á Íslandi með um 11.000 sjóðfélaga og eini lífeyrissjóðurinn sem býður þér daglegt uppgjör sjóðsins á netinu.

# VÍB



**SKOÐIÐ OKKUR Á VEFNUM**

**ALVÍB**

<http://www.vib.is>

VERÐBRÉFAMARKAÐUR ÍSLANDBANKA HF. Kirkjusandi  
Sími 560 8900 · Veffang: [www.vib.is](http://www.vib.is) · Netfang: [vib@vib.is](mailto:vib@vib.is)